

BJARNI KRISTINSSON:

Allur pakinn í Sony Center

Græjur

allt í MIDJU BLADSINS



BRYNJA BJÖRK GARDARSÓTTIR

Ævintýri í Amazon

Ferðast um Perú með tengdafjölskyldunni

FÓLK 34



ÓTTAR GUÐNASON

Tekur upp í Berlín

Stórmynd með John Cusack í aðalhlutverki

FÓLK 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. júlí 2007 – 198. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Læra af Bráðavaktinni

Björn Þórir Sigurðsson og fleira íslenskt sjónvarpsfólk fá leiðsögn frá framleiðendum Bráðavaktarinnar.

FÓLK 27



### Lindsay á botninum

Lindsay Lohan drakk áfengi meðan hún var í meðferð. Vinir hennar segja hana sökkva dýpra og dýpra.

FÓLK 25



### Óskiljanlegt langlundargeð

„Sú aðstaða, sem farþegum, er boðið upp á þarna suður við Skerfjörð er fyrir neðan allar hellur. Sama gildir um aðstöðu þess fólks sem þarna starfar,“ skrifar Eður Guðnason.

Í DAG 16


### Harrington sigraði

Írinn Pádraig Harrington vann á Opna breska meistaramótinu í golfi eftir æsilegan bráðabana við Sergio García frá Spáni.

ÍPRÓTTIR 28



### VEÐRIÐ Í DAG




ÁFRAM HÆGVÍÐRI - Í dag verður hæg breytileg átt. Smáskúrir á víð og dreif, einkum síðdegis. Hiti 10-18 stig, hlýjast í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4

### Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu

77%



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

## Skipstjóri fer í felur eftir handtökuskipun

Yfirvöld á Möltu eru sögð hafa gefið út handtökuskipun á Ólaf Ragnarsson skipstjóra sem bjargaði lífi tuttugu manns á Miðjarðarhafi. Ólafur er í felum.

**LÖGREGLUMÁL** „Það kemur bara ekki til greina að ég horfi eftir mannum mínum í fangelsi á Möltu fyrir að bjarga tuttugu mannlífum,“ segir Fanný Hjartardóttir, eiginkona Ólafs Ragnarssonar, skipstjóra á Eyborgu.

Ólafur hefur í um eitt ár starfað við flutninga á túnfiskskvím fyrir maltverskt fyrirtæki sem hefur Eyborgina á leigu.

Í lok júní var skipið á leið frá Líbyu til Möltu þegar Ólafur vaknaði um morgun og um tuttugu manns voru komin upp á kvína hjá honum. Hann tók fólk með borð í skipið og flutti til Möltu í óþökk þarlandra yfirvalda sem síðan hafa fólkið í umsjón sinni. Fólk er frá Eþíópíu, Nígíeríu, Sómalíu og Eritreu. Sögðu þau tíu manns hafa druknað þegar bát þeirra hvolfði áður en þau björguðust upp á kvína.

Í gær færði Ólafur svo Fannýju þær óvæntu fréttir að skipun hefði verið gefin út um handtöku hans fyrir að taka fólk með borð. Ekki náðist tal af Ólafi sjálfum í gærkvöld en Fanný, sem rætt hafði við hann, sagði að þá hefði hann enn verið frjálst ferða sinna á Möltu. Engir aðrir úr áhöfn Eyborgar eru Íslendingar.

„Hann hringdi í mig í sjokki og ég fékk náttúrulega kast en er enn að reyna að fá það staðfest að það hafi í raun og veru verið gefin út handtökuskipun á hann.“

„Ég er alveg á nálum,“ segir Fanný sem síðast sá mann sinn í apríl.

Birgir Sigurjónsson, eigandi Eyborgarinnar, segist enn ekkert annað hafa heyrt um málið en að Ólafur hafi lesið um það í dagblaði á Möltu að til staði að handtaka hann.

„Hann fer bara huldu höfði núna og er með slökkt á símanum. Sjálfur er ég að ímynda mér að þetta sé einhver fabúlingur í blaðamanninum,“ segir Birgir sem kveðst muna hafa samband í dag við utanríkisráðuneytið. „Þetta er að verða hið skrytnasta mál. Malta tók við þessu fólki af fúsum og frjálsum vilja og í mínum huga var málið leyst.“

Utanríkisráðuneytið hafði ekki haft veður af máli Ólafs þegar Fréttablaðið leitaði til þess.

Yfirvöld á Möltu eru sögð hafa vaxandi áhyggjur af því að ólöglegir innflytjendur sem koma þangað með bátum tengist hryðjuverkum.

Yfirmaður í lögreglunni á Möltu, sem Fréttablaðið ræddi við, sagðist ekki kannast við að gefin hefði verið út handtökuskipun á Ólaf.

TF-LÍF OG TF-GNÁ Sú síðarnefnda sótti veika konu á Siglufjörð í gærkvöldi.

TF-GNÁ sótti veika konu:

## Sótti konu á Siglufjörð

**SLYS** TF-GNÁ, þyrla Landhelgisgæslunnar, var kölluð út um nýu leyti í gærkvöldi. Tilkynnt var um veika konu í Héðinsfirði og fór björgunarbátur frá Siglufirði að sækja hana. Konan hafði verið á ferð með hópi fólks sem tilkynnti um veikindi hennar.

Læknir var um borð í bátinum sem flutti hana á Siglufjörð. Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni átti þyrlan að flytja konuna frá Siglufirði á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ekki var vitað hvað amaði að konunni eða hvernig líðan hennar var þegar Fréttablaðið fór í prentun.

- þeb



**KVIKNAÐ Á PERUNNI** Kátir stuðningsmenn Réttlætis- og þróunarflokkans fagna að loknum þingskosningum í Tyrklandi og veifa fána með merki flokksins, sem er skínandi ljósapera. Flokkurinn vann meirihluta þingsæta og heldur því velli eftir erfiðar kosningar. Aðild að Evrópusambandinu og aukin áhrif trúarbragða á stjórnmálum verða á dagskrá.

NORDICPHOTOS/AFP

Rúta hrapaði fram af bjargsbrún í frönsku ölpunum:

## 26 píligrímar létust í rútuslysi

**FRAKKLAND, AP** Rúta sem keyrði pólska píligríma frá heilögum stað í frönsku ölpunum fór fram af bjargsbrún í gær. Kviknaði í rútnunni þegar hún skall á fljótsbakka og 26 manns létust.

Fjórtni slösuðust alvarlega, en slysið átti sér stað nálægt þorpinu Vizille, sem er ekki fjarri Grenoble.

Fleiri hlutu minni áverka, en að minnsta kosti fimmtíu manns voru í rútnunni.

Rútan keyrði gegnum vegrið og féll tuttugu metra á bakka árinna La Romanche, að sögn slökkviliðsmanna. Enn er farþega leitað sem gætu hafa fallið úr rútnunni og ofan í ána.

- sgj



**HRIKALEG AÐKOMA** Rútan hrapaði um 20 metra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**NYTT 2007 SETTU ÞAÐ SAMAN** Af hverju að borga meira?

Lítu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

**ORMSSON** SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

MU ER KATT Í HÖLLINI

**RISA MARKAÐUR** Í LAUGARDALSHÖLLINI

**TILBOÐ DAGSINS**

PlayStation 2

Buzz! Sports Quiz með buzzerum

**KR. 999**

BLAZZON fylgja






Sparnaðarreikningar



ARGUS / 07-0599



**STIGHÆKKANDI**  
vextir á hávaxta-  
reikningum SPRON!

# Frábærir vextir

– á sparnaðinn þinn!

## **SPRON Vaxtabót**

– allt að **14,60% vextir\***

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stigvaxandi vexti eftir upphæð – auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils. Alltaf laus, engin lágmarksupphæð.

Þú getur stofnað reikning á **spron.is**

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,  
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

\*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 11. júlí 2007.

## **SPRON Viðbót**

– allt að **7,20% vextir\***

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem er bundinn til 36 mánaða. Reikningurinn ber háa, verðtryggða vexti - auk þess stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum. Engin lágmarksinnborgun.

75 ára



GENGIÐ 20.07.2007

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	59,29 59,57
Sterlingspund	121,63 122,23
Eura	81,73 82,19
Dönsk króna	10,982 11,046
Norsk króna	10,343 10,403
Sænsk króna	8,911 8,963
Japanskt jen	0,4843 0,4871
SDR	90,84 91,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
110,7191  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðleg glæpastarfsemi, mansal og hryðjuverk:

## Samningur í skoðun í sjö ár

**ALPJÓÐASAMNINGAR** Íslenska ríkið hefur undirritað en ekki fullgilt þrjá samninga sem snúa að baráttu gegn alþjóðlegu mansali, skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum.

Fastafulltrúi Íslands undirritaði Palermo-samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi árið 2000, en hann býður enn fullgildingar. Hins vegar hafa ákvæði samningsins verið innleidd að nokkru leyti í íslensk hegningarlög. Þannig var tekið tillit til hans við lagabreytingar árið 2003 og varð það til þess að mansal var gert refsivert á Íslandi.



**SÚLUSTAÐUR** Ráðuneytið hefur verið í sjö ár að meta breytingarnar til að fullgilda samningana.

Samningur Evrópuráðsins gegn mansali var undirritaður árið 2005 og hefur heldur ekki verið fullgildur. „Við vildum sjá þróunina og þær

lagabreytingar sem hafa verið gerðar í löndunum í kring um okkur. Það þarf að skoða mjög vandlega hvað samningurinn felur í sér,“ segir

Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Að auki fer refsiréttarnefnd dómsmálaráðuneytisins yfir samning Evrópuráðsins um varnir gegn hryðjuverkum og ætlar að afgreiða alla samningana í einu.

Spurð hvort eðlilegt megi teljast að alþjóðasamningar séu svo lengi í skoðun, segir Ragna að samningarnir taki til mjög flókinn refsiréttarlegra atriða. Til dæmis sé Palermo-samningurinn viðamikill og nokkurn tíma hafi tekið að þýða hann. Hún á þó von á því að refsiréttarnefnd skili af sér tillögum í haust.

- kóp



**NOKKUR NÓBELSSKÁLD** Larry Austin, fremstur til hægri, var valinn líkastur Ernest Hemingway.

Maður frá Flórída:

## Talinn líkastur Hemingway

**BANDARÍKIN, AP** Hvítskeggjaður tryggingasölumaður frá Flórída vann keppni um hver sé líkastur nóbelsskáldinu látna, Ernest Hemingway, á árlegri hátið í minningu rithöfundarins.

Larry Austin bar sigurorð af 122 öðrum keppendum í keppinni, sem fram fór á Sloppy Joe's Bar, eftirlætiskæpu Hemingways, þegar hann bjó í Flórída á fjórða áratug síðustu aldar. Lokaumferðin var haldin á laugardag en þá voru 108 ár frá fæðingu skáldsins.

Hemingway er meðal annars þekktur fyrir skáldsögur sínar „Hverjum klukkum glymur“, „Gamli maðurinn og hafið“ og „Vopnin kvódd“.

- sgi

Barack Obama:

## Ætlar í verkfall

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, einn af frambjóðendum demókrata til forseta Bandaríkjanna, lofaði forkólfum verkafélagsfélaga á laugardagskvöld að hann mundi taka þátt í verkföllum með þeim ef hann næði kjöri á næsta ári.

„Ég gekk með verkamönnum í verkfalli í Chicago í seinustu viku og sagði þeim að ef þeir væru enn þá að berjast eftir fjögur ár kæmi ég aftur sem forseti Bandaríkjanna til að ganga með þeim,“ sagði Obama á ráðstefnu stærsta verkafélags ríkisstarfsmanna í Iowa.

- sgi

## Stjórnarflokkurinn í Tyrklandi hélt velli

Stjórnarflokkur Tyrklands, Réttlætis- og þróunarflokkurinn, hélt meirihluta sínum í þingskosningunum í gær. Innganga í Evrópusambandið og aukin áhrif íslams eru á dagskrá. Forsætisráðherra segir lýðræðið hafa staðist próf.

**TYRKLAND, AP** Stjórnarflokkur Tyrklands, Réttlætis- og þróunarflokkurinn, vann sigur í tyrknesku þingskosningunum sem fram fóru í gær. Flokkurinn, sem byggist á íslömskum gildum, hyggur á inngöngu í Evrópusambandið, en sætir gagnrýni stjórnarandstöðunnar fyrir að blanda saman stjórnmálum og trúarbrögðum.

Meirihluti flokksins er minni en í síðustu kosningum, sem fram fóru árið 2002, en þegar 96 prósent atkvæða höfðu verið talin, hafði flokkurinn 342 sæti á 550 sæta þingi landsins. Flokkurinn hafði áður haft tvo þriðju þingsæta.

Lýðveldisflokkur fólksins, annar tveggja flokka sem vill aðskilja trúarbrögð og stjórnmál, hlaut 112 sæti, en hinn, Þjóðernissinnaði aðgerðaflokkurinn, hlaut 70 atkvæði.

Óháðir frambjóðendur, sem styðja aukin réttindi kúrdíska minnihlutans, fengu 23 af þeim 26 sætum sem eftir voru.

Gríðarleg fagnaðarlæti brutust út meðal stuðningsmanna Réttlætis- og þróunarflokksins þegar úrslitin voru ljós. Þeir dönsuðu og veifuðu fánum með mynd af ljósa-peru, merki flokksins, fyrir utan höfuðstöðvar hans í Istanbul og hrópuðu nafn forsætisráðherra, Recep Tayyip Erdogan.

Ráðherrann ávarpaði stuðningsmenn sína í Ankara þegar úrslitin voru ljós. „Lýðræði hefur staðist mikilvægt próf. Hvern sem þið kusuð, þá virðum við val ykkar. Við lítum á ágreining okkar



**FAGNA SAMAN** Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, fagnar úrslitunum ásamt eiginkonu sinni, Emine. Eitt fyrsta verk nýkjörins þings verður að velja forseta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sem hluta af lýðræðinu. Það er á okkar ábyrgð að vernda þessa fjölbreytni,“ sagði Erdogan.

Fjórtnán flokkar og 700 óháðir frambjóðendur slógust um atkvæði 42,5 milljón kjósenda. Ólöglegt er að greiða ekki atkvæði, en viðurlögum við að mæta ekki á kjörstað er sjaldan beitt. Í síðustu kosningum var kosningabátttakan um 79 prósent og virðist hún hafa aukist.

Kosningarnar fóru að mestu leyti friðsamlega fram, að sögn

kjörstjórnar. Flokkar þurfa tíu prósent atkvæða til að ná kjöri á þing og þurfti því Réttlætis- og þróunarflokkurinn aðeins 46,9 prósent til að ná 342 sætum.

Undir stjórn flokks Erdogan hefur verðbólga minnkað, erlendrar fjárfestingar aukist og hagvöxtur verið að meðaltali sjö prósent á ársgrundvelli. Flokkurinn hefur hins vegar verið gagnrýndur fyrir afstöðu sína til kúrdískra aðskilnaðarsinna.

steindor@frettabladid.is



**YVES LETERME** Söng rangan þjóðsöng á þjóðhátíðardeginum.

Vill verða forsætisráðherra:

## Söng rangan þjóðsöng

**BELGÍA, AP** Yves Leterme, sem sækist eftir embætti forsætisráðherra Belgíu, söng rangan þjóðsöng í viðtali við sjónvarpsfréttamenn á þjóðhátíðardaginn á laugardag. Í stað þess belgiska söng hann franska þjóðsönginn.

Leterme, sem er leiðtogi Flæmska kristilega demókrataflokksins, reynir nú að mynda samsteyppustjórn í Belgíu. Atvikið þykir hið vandræðalegasta og var myndband af því komið á netið í gær. Þar sést að Leterme syngur „La Marseillaise“, þjóðsöng Frakka, í stað „La Brabanconne“, belgiska þjóðsöngsins.

Seinna um daginn náðust myndir af Leterme að tala í síma í miðri trúarathöfn í tilefni sjálfstæðis Belgíu.

- sgi

### LÖGREGLUMÁL

#### Flugdólgur

Flugfarþegi brást illa við þegar lögreglan hugðist handtaka hann við komuna til Leifstöðvar í gær frá Minneapolis. Maðurinn var mjög drukinn og hagaði sér illa í flugvélinni. Honum var sleppt að lokinni skýrslutöku.

#### Hraðakstur

Ökumaður var í gær tekinn á 102 kílómetra hraða á Gullinbrú þar sem leyfilegur hámarkhraði er 60. Hann þarf að greiða sextíu þúsund í sekt. Annar ökumaður var tekinn á Suðurlandsvegi á 121 kílómetra hraða. Hann þarf að greiða 70 þúsund í sekt.

## Tilvalið í ferðalaginu

Án viðbætts sykurs!

Án viðbætts salts!




Kjarngóð næring í þægilegum umbúðum

barnamatur.is

## VEÐURSPÁ

um hádegi »





um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C rigning	London	17°C rigning	Friedrichshafen	23°C skýjað
Billund	19°C rigning	Paris	17°C rigning	Basel	23°C skúrir
Osló	16°C rigning	Eindhoven	21°C skúrir	Alicante	32°C heiðskírt
Stokkhólmur	18°C skúrir	Frankfurt	27°C bjart veður	Algarve	24°C skýjað
Gautaborg	18°C rigning	Berlín	25°C léttskýjað	Las Palmas	25°C léttskýjað

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Í DAG LÆKKUM VIÐ VERÐ Á ÖLLUM NÝJUM BÍLUM VEGNA HAGSTÆÐS GENGIS KRÓNUNNAR!



**Bílahúð  
Benna**

Tangarhöfða 8-12  
112 Reykjavík  
Sími 590 2000  
[www.benni.is](http://www.benni.is)



## KJÖRKASSINN



Ætti lögreglan að hjálpa til við leitina að hundinum Lúkasi?

Já 22,1%  
Nei 77,9%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú sent flöskuskeyti?

Segðu þína skoðun á visir.is



Lögreglan er hlynnt því að þjófnaðarmálum í verslunum verði lokið á staðnum:

## Sparar lögreglu mikla vinnu

**LÖGREGLUMÁL** „Það er lang best ef málinu er lokið á staðnum og brotamaður þarf að gera upp sekt sína við brotþola,“ segir Jón H.B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur dómismálaráðuneytið til athugunar tillögu frá Samtökum verslunar og þjónustu um svokallaða borgaralega sátt. Sáttin gengur út á að sé einstaklingur gómaður við búðarhnupl og játar brot sitt eru sakir gerðar upp á staðnum. Þá skrifar þjófurinn undir yfirlýsingu þar sem hann játar að sig brotið og greiðir bætur sem ganga til öryggiskostnaðar versl-

unarinnar. Afrit af yfirlýsingunni er sent til lögreglu þar sem brotið er skráð án þess að færast á saka-skrá.

„Það fer talsverður tími hjá lögreglunni í að sinna svona málum. Það þarf að fara á staðinn og skrifa skýrslur. Við reynum alltaf að ljúka málunum á vettvangi,“ segir Jón.

Hann segir að verði þessi leið farin hafi lögreglan meiri tíma til að sinna öðrum verkefnum. Jón segir einnig að þetta geti haft varnaðaráhrif þar sem sá sem gerist sekur um þjófnað þurfi að gera upp sín mál við þann sem stolið er af.



**BÚÐARHNUPL** Öryggisverðir í Smáralind segjast sjá góðan árangur af forvarnarstarfi gegn búðarhnupli. Myndin er sviðsett.

Brotamenn á barnsaldri: Ofbeldisbrotum fjölga ört

**FÉLAGSMÁL** 66 tilkynningar bárust Barnavernd Reykjavíkur fyrstu fimm mánuði ársins vegna barna sem beita ofbeldi. Það er rúmlega 300 prósentu aukning frá síðasta ári. Í heild bárust tæpar 600 tilkynningar um afbrot barna á þessum tíma.

Úrræðum innan barnaverndar hefur ekki fjölgað í hlutfalli við mikla aukningu á tilkynningum til barnaverndaryfirvalda síðustu ár. Á heimasíðu barnaverndarstofu kemur fram að meðferðarheimili fyrir börn séu sjö og þar sé pláss fyrir 51 barn á aldrinum 13 til 17 ára. Að auki eru 13 rými fyrir unglunga að Stuðlum.



**MÓTMÆLI VIÐ RÁÐHÚSIÐ** Hópurinn sem strengdi borða á Ráðhúsið var að mestu skipaður erlendum aðgerðasínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

Mótmælendur Saving Iceland: Strengdu borða á Ráðhúsið

**MÓTMÆLI** Mótmælendur úr Saving Iceland-hópnum strengdu borða á Ráðhús Reykjavíkur klukkan hálfsex í gær. Á borðanum stóð „Vopnaveita Reykjavíkur?“, en mótmælendur höfðu hengt upp annan á göngubrúnni við Ráðhúsið sem á stóð „Stöðvum náttúrumorð í þágu áls“ á enskri tungu.

Með mótmælunum vildi hópurinn benda á að Orkuveita Reykjavíkur, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, selur orku til Century Aluminium og Alcan, sem framleiða ál á Íslandi, en tæpur þriðjungur álframleiðslu þessara fyrirtækja er notaður í vopnaframleiðslu.

- sgl

## LÖGREGLUMÁL

## Níu stútar

Níu ökumenn voru teknir grunaðir um ölvun við akstur í Reykjavík frá laugardagskvöldi til sunnudagskvölds. Einn var tekinn grunaður um akstur undir áhrifum lyfja.

# Stærsti turn heims er á við sjö Hallgrímskirkjur

Burj-turninn í Dubai er orðinn hæsta bygging heims, þrátt fyrir að vera ókláraður. Turninn er orðinn fjórum metrum hærri en sá næststærsti, en gæti orðið yfir 693 metrar á hæð. Þá yrði hann á við níu Hallgrímskirkjuturna.

**ARABÍSKU FURSTADÉMIN, AP** Burj-turninn í Dubai er orðinn hæsta bygging heims, þrátt fyrir að framkvæmdir á honum muni ekki taka enda fyrr en undir lok næsta árs.

Skýjakljúfurinn er 512 metrar á hæð, fjórum metrum hærri en Taipei 101 turninn í Taívan, sem hefur verið hæstur síðustu þrjú ár. Burj-turninn er á hæð við sjö Hallgrímskirkjur.

Ríkisrekna verktakafyrirtækið Emaar Properties í Sameinuðu arabísku furstadæmunum heldur upplýsingum um endanlega hæð Burj-turnsins leyndum.

Svo gæti farið að turninn verði yfir 693 metrar á hæð, eða rúmlega níu sinnum hærri en Hallgrímskirkja. Í turninum verða 160 hæðir, 56 lyftur, lúxusbúðir, sundlaugar og útsýnispallur á 124. hæð.

Bygging skýjakljúfsins hefur þó ekki gengið snurðulaust fyrir sig, en í mars í fyrra gerðu verkamenn uppreisn og mótmæltu lágum launum sínum.

Faglærðir smiðir fengu rétt rúmlega 500 krónur á dag í laun og óbreyttir verkamenn 350 krónur.

Í óeirðunum ollu verkamennirnir rúmlega 61 milljónar króna tjóni. Flestir af verkamönnum fjögur þúsund eru Indverjar.


„Turninn er tákn þess að Dubai er heimsborg,“ sagði Greg Sang, yfirmaður verksins. Borgin er auðug af olíulindum og hefur hagnast gríðarlega að undanfögnu.

Bygging skýjakljúfsins gæti kostað um 60 milljarða króna, en hann þekur um tvö hundruð hektara svæði, sem er um 1.200 milljarða virði. Turninn mun sjást úr 100 kílómetra fjarlægð, að sögn verktakanna. Verkið hófst fyrir 1.277 dögum og hefur gengið hratt fyrir sig. Á köflum hefur heil hæð verið reist á þremur dögum.

„Það er staðreynd lífsins að einhvern tímann mun einhver annar byggja hærri byggingu,“ segir Sang.

steindor@frettabladid.is

## HÆSTA BYGGING HEIMS



## Umhverfissvottaðar hreinlætisvörur – fyrir sumarþústaðinn og veiðihúsið

Bjarni Ómar Ragnarsson  
- verslunarstjóri hjá RV



## Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



25. Rekstrarvörur  
ára 1982-2007



**GÖNGUGARPAR** Hilmar Egill og Gunnar við Hagavatnsskála sem stendur við jaðar Langjökuls. Þeir frændur ljúka gönguferð sinni næsta fimmtudagskvöld.

Frændurnir Gunnar Júlíus og Hilmar Egill á ferð um landið:

## Ganga þrjátíu kílómetra á dag

**ÚTIVIST** Göngugarparinn og frændurnir Gunnar Júlíus Helgason og Hilmar Egill Sveinbjörnsson voru í gærðag staddir í Skjaldbreið á ferð sinni frá Langanesi til Reykjaness. Ferðin hófst 6. júlí og stefna þeir að því að ljúka göngunni næsta fimmtudagskvöld. Tvisvar sinnum hafa þeir lent í ringingu en annars hefur veðrið leikið við þá.

„Deim hefur gengið rosalega vel. Þeir eru með allt á bakinu sem þeir þurfa, allan mat, vistir og allt,“ segir Júlía Halldóra Gunnarsdóttir, móðir Gunnars Júlíusar. „Þeir lögðu af stað á föstudeginum sjötta, flugu norður og keyrðu út á Font á Langanesi. Þeir hafa labbað mest 44 kílómetra yfir daginn og minnst tíu. Þeir hafa farið að meðaltali þrjátíu km á dag,“ segir Júlía, sem er afar stolt af strákunum.

Allur ágóði af göngunni rennur til Ungmennafélagsins Þróttar í Vogum. „Þeir ætluðu að gera þetta að gamni sínu en síðan ákváðu þeir að ganga til styrktar góðu málefni.“

Þeir fengu góðan stuðning frá Íslensku ölpunum sem útveguðu þeim fatnað, Lyfja gaf þeim sjúkراكassa og Samkaup létu þá fá mat. Síðan flaug Flugfélag Íslands með þá norður.“

Að sögn Júlíu eru þeir frændur óvanir löngum göngum en það hefur síður en svo háð þeim. „Hilmar Egill er landfræðingur og Gunnar er pípari. Gunnar hefur verið í fótbolta og Hilmar hefur labbað svolítið.“

Þeir eru bara mjög áhugasamir um landið en þeir fóru reyndar fyrir nokkrum árum í þríþraut að gamni sínu.“

- fb



# Við viljum vaxa með þér

## Toyotaskógar

Toyota á Íslandi hefur allt frá árinu 1990 stutt dyggilega við skógrækt með samstarfi sínu við Skógræktarfélag Íslands. Með áframhaldandi samstarfi munu skilgreind skógræktar- og útivistarsvæði verða eflað ennfrekar með jákvæð umhverfisáhrif og útivistargildi fyrir almenning að leiðarljósi.

Stuðningur við skógrækt er mikilvægur þáttur í umhverfisstefnu Toyota um allan heim og er hluti af framlagi fyrirtækisins til þarfra verkefna í þágu samfélagsins. Toyota á Íslandi hefur fastmótaða stefnu í umhverfismálum og er fyrst bífreiðumboða á Íslandi til að hljóta umhverfisstundun ISO 14001 gæðastjórnunarkerfisins. Það er markmið Toyota á Íslandi að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækisins og jafnframt að styðja ýmis þörf verkefna á sviði umhverfisverndar í þágu samfélagsins.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um umhverfisstefnu Toyota á Íslandi á vefsíðu fyrirtækisins [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

# TOYOTA

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða leikari hefur tekið að sér hlutverk Che Guevara í nýrri kvikmynd?

2. Bók eftir hvaða íslenska rit höfund komst í úrslit alþjóðlegu smásagnaverðlaunanna Frank O' Connor á dögunum?

3. Hvað heitir nýkjörinn forseti Indlands?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34

Upphæð hraðasekta kemur erlendum ferðamönnum á óvart:

## 800 þúsund á tveimur vikum

**LÖGREGLUMÁL** Sektir vegna hraðaksturs í umdæmi lögreglunnar á Húsavík námu 800 þúsund krónum fyrstu tvær vikurnar í júlí. Þar af voru 670 þúsund krónur vegna hraðaksturs erlendra ferðamanna sem þurfa að greiða sektirnar á staðnum. Þetta kemur fram í Skarpi, héradsfréttablaði Þingeyinga.

„Okkur finnst að Íslendingar hafi hægt á ferðinni eftir að sektirnar voru hækkaðar en það virðist ekki skila sér meðal erlendra ferðamanna,“ segir Sigurður Brynjúlfsson, yfirlögregluþjónn á Húsavík.

Sigurður segir að erlendir



**RADARMÆLING** Lögreglumönnum ber saman um að hærri sektir hafi lækkað hraðann hjá íslenskum öku mönnum en ekki hjá þeim erlendu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ferðamenn viti yfirleitt hver leyfilegur hámarks hraði er. Þeir átti sig hins vegar ekki á því fyrir

en of seint hversu háar sektirnar eru orðnar.

„Langflestir borga 22.500 krónur í sekt,“ segir Sigurður. Fyrir að keyra á bilinu 101 til 110 kílómetra hraða eru viðurlögin 30 þúsund króna sekt. Þar sem erlendir ferðamenn staðgreiða í flestum tilfellum fá þeir afslátt og borga áður nefndar 22.500 krónur.

Hermann Ívarsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Blönduósi, tekur undir orð Sigurðar. „Þessi hækkun hefur skilað sér til Íslendinganna en hún virðist ekki hafa skilað sér til erlendu ferðamanna, hvað sem veldur því.“ - aví

## LÖGREGLUMÁL

## Óku undir áhrifum

Aðfaranótt sunnudags voru tveir öku menn á Akureyri teknir vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna. Einn var tekinn vegna gruns um ölvunarakstur sömu nótt.

## Tveir teknir á Selfossi

Lögreglan á Selfossi tók í gærmorgun tvo öku menn vegna gruns um að þeir væru ekki í ökuhæfu ástandi. Annar er grunaður um ölvunarakstur en hinn um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Vélhjólamaður féll af hjólinu:

## Slasaðist minna en talið var

**LÖGREGLUMÁL** Vélhjólamaður slasaðist er hann missti stjórn á hjóli sínu í lausamöl og féll í Finnafirði inn af Bakkafirði skammt sunnan við Þórshöfn á föstudaginn.

Vitni urðu að slysinu sem varð með þeim hætti að maðurinn lenti út fyrir bundið slitlag og missti stjórn á hjólinu í beygju.

Vegfarendur gerðu neyðarlínu viðvart.

Að sögn lögreglunnar á Húsavík leit út fyrir að maðurinn væri mikið slasaður og því var hann fluttur frá Þórshöfn með sjúkraflygi til Reykjavíkur.

Maðurinn reyndist minna slasaður en talið var í fyrstu og er á batavegi. - aví



Á BÓLAKAFI Eiganda þessa bíls í suðurhluta London er vart skemmt en hann er einn af fjölmörgum sem hafa orðið fyrir eignatjóni í flóðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldi manns þurfti að bjarga úr flóðum í Bretlandi:

## Demban var á við mánaðar úrhelli

**BRETLAND, AP** Bjarga þurfti hundruð manns úr þungum flóðum í Bretlandi með þylrum og bátum í gær. Miklar rigningar hafa valdið gríðarlegum vatnsflaumum í bæjum og meðal annars á fæðingarstað leikskáldsins William Shakespeare.

Vatn flæddi inn í kjallara Royal Shakespeare leikhússins í Stratford-upon-Avon um 160 kílómetrum norðan við London. Hætt var við sýningu á Macbeth vegna flóð-

anna, þar sem nær ómögulegt var að komast að leikhúsinu.

Margir öku menn gistu í bílum sínum, fastir á götunum, og aðrir leituðu bifreiða sem þeir höfðu skilið eftir á föstudag. Trufanir hafa orðið á flug- og lestarsamgöngum. Flóðin gætu hafa valdið tjóni upp á mörg hundruð milljónir punda. Rigning í nokkra klukkutíma á föstudag var á við mánaðarbirgðir af úrhelli. - sgj

**vodafone**

# Hittu í mark

Meistaradeildarbolta á aðeins 990 kr. fyrir Og1 viðskiptavini.

Komdu við í næstu Vodafone verslun og nældu þér í gæðabolta. Almennt verð 1.990 kr.

Þú færð bestu kjörin með því að vera með allt hjá okkur í Og1.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

# STELPUR Í SÓKN

## OR STYRKIR EVRÓPUMÓT U-19 KVENNA

FRÍTT Á LEIKINA Í BOÐI OR

A RIÐILL		B RIÐILL	
23. JÚLÍ	16:00	23. JÚLÍ	16:00
23. JÚLÍ	16:00	23. JÚLÍ	16:00
ÞÝSKALAND - ÍSLAND	GRINDAVÍKURVÖLLUR	FRAKKLAND - PÓLLAND	VÍKINGSVÖLLUR
NÖREGUR - DANMÖRK	AKRANESVÖLLUR	ENGLAND - SPÁNN	KR-VÖLLUR

Orkuveita Reykjavíkur

Ofnæmi angrar Reykvíkinga:

## Óvenju mikið af grasfrjóum

**NÁTTÚRA** Reykvíkingar sem haldnir eru grasfrjóafnæmi gátu glaðst yfir rigningu síðustu daga. „Þeir

geta allavega hreyft sig úti við án þess að hafa áhyggjur, held ég,“ segir Margrét Hallsdóttir hjá Náttúrufræðistofnun.

„Mjög líklegt er að grasfrjóin fari af stað aftur. Það er venjan á þessum árstíma að rigningin gefi ofnæmissjúklingum aðeins stutt hlé frá óþægindum,“ segir Margrét.

Magn grasfrjóa mældist gríðarlega hátt á þriðjudag, eða rúmlega hundrað frjó á hvern rúmmetra. Meðaltalið á þeim degi ársins á tímabilinu 1988-2003 er um 30 frjó á rúmmetra. - sgj

## LÖGREGLUMÁL

## Hraðakstur

Síðdegis í gær hafði lögreglan á Sauðárkróki tekið sex öku menn fyrir of hraðan akstur. Sá sem hraðast ók mældist á 128 km/klst. og þarf því að greiða 70 þúsund krónur í sekt.

## Kátir dagar á Þórshöfn

Töluverð drykkjulæti voru á Þórshöfn um helgina á bæjarhátíðinni Kátir dagar. Ekki voru allir jafn kátir því ein kæra vegna líkamsárásar hefur borist lögreglunni á Húsavík. Lögreglan á jafnvelli um á fleiri kærurum.





# Sumartilboð



## Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjöbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 lækningar, sjúkráþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kotta koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktur á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.



Reykjavík  
Faxafeni 5  
Sími 588 8477

Ísafirði  
Skeiði 1  
Sími 456 4566

Akureyri  
Tryggvabraut 24  
Sími 462 1410

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**POTTER UM ALLAN HEIM** Ungur indverskur drengur les nýjstu Harry Potter bókina með gleraugu í stíl í bókabúð í Mumbai. „Harry Potter og dauðaköllin“ kom í bókabúðir á föstudag eftir margra mánaða eftirvæntingu.

NORDICPHOTOS/AFP

Slysatíðni hjá Íslandspósti hefur lækkað eftir innleiðingu ökurita árið 2002:

## Tjónum fækkar vegna ökurita

**SAMGÖNGUR** Slysatíðni hjá öku-mönnum Íslandspósts hefur lækkað verulega frá því fyrirtækið hóf notkun ökurita árið 2002. Þetta segir Ágústa Hrunn Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningardeildar Íslandspósts.

„Við getum horft á bílana í rauntíma og þetta hefur gert það að verkum að það er bætt aksturslag, minni hraði og þar af leiðandi lægri slysatíðni,“ segir Ágústa.

Fyrirtækið rekur um 120 bíla á öllu landinu og eru ökuritar í flestum þeirra. Ökuritarnir eru búnir GPS-tækni sem getur metið aksturslag ökuanna.

„Í dag á Reykjavíkursvæðinu



**ÁGÚSTA HRUNN STEINARSDÓTTIR** Fylgst er með ferðum ökuanna hjá Íslandspósti og aksturslagi þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

getum við fylgst með bílunum á skjá í rauntíma, séð hvar þeir stoppa, hvert þeir keyra, hvað þeir

keyra hratt, hvar þeir eru staddir og svo framvegis,“ segir Ágústa.

Að sögn Þórólfs Gunnarssonar, stofnanda íslenska fyrirtækisins New Development sem framleiðir SAGA-ökuritana sem notaðir eru í bílana, er fyrirtækið komið með einkaleyfi á aksturslagsgreiningu víða um heim og þjónustar nú um áttatíu fyrirtæki á Íslandi.

„Þetta eru að verða þúsund bílar á Íslandi með svona búnað og það er mikil og góð reynsla af því,“ segir Þórólfur. „Við höfum auðvitað lent í því að fólk taki ökuritum illa, en gegnumgangandi hefur það verið byggt á vanþekkingu og ótta.“

-sgj

Talibanar með gísla í haldi:

## Krefjast fanga-skipta í kvöld

**AFGANISTAN, AP** Talsmaður talibana í Afganistan sagði í gær að afgönsk yfirvöld hefðu frest fram til klukkan sjö í kvöld til að afhenda handsamaða talibana í skiptum fyrir 23 kóreska gísla, sem talibanar eru með í haldi.

Talsmaður talibana hafði áður sagt að yfirvöld hefðu frest fram til klukkan sjö í gærkvöldi til að afhenda fangana. Afganskir embættismenn ræddu við mannfræningjana í gær til að reyna að leysa deiluna, en herlið er staðsett þar sem talið er að Suður-Kóreumennirnir séu í haldi, ef ske kynni að ákveðið yrði að beita vopnavaldi.

-sgj

## Lögreglan í Borgarnesi: Nálægt því að missa prófið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði á skómmum tíma á laugardaginn ellefu öku-menn fyrir of hraðan akstur.

Sá sem fór hraðast var mældur á 142 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90. Hann þarf að greiða 90 þúsund krónur í sekt. Hefði maðurinn ekið þremur kílómetrum á klukkustund hraðar hefði hann lent í næsta sektarflokki fyrir ofan. Þá hefði hann misst ökuleyfið í þrjá mánuði og þurft að greiða 130 þúsund krónur í sekt.

-aví

## Tilviljun í happdrætti í Texas: Sömu lottótölur tvo daga í röð

**BANDARÍKIN, AP** Sömu lottótölur komu upp tvo daga í röð í Texas-lottóinu í vikunni. Vinningsröðin 849 var dregin í hádeginu á fimmtudag og svo aftur í hádeginu á föstudag.

Tilviljunin var enn ótrúlegri í ljósi þess að fimmtudagskvöldið var talnaröðin 948 dregin, spegilmynd af röðinni sem var dregin í tvígang.

„Við höfum fengið símtöl þar sem fólk efast um dráttinn, en tölurnar eru réttar, þetta eru ekki mistök,“ sagði talsmaður Texas-lottósins við dagblaðið San Antonio Express-News.

Líkurnar á að sama talnaröð komi upp tvo daga í röð í Texas-lottóinu er einn á móti milljón.

-sgj

### LÖGREGLUMÁL

#### Erill á Suðurnesjum

Talsverður erill var hjá lögreglunni á Suðurnesjum vegna skemmtanahalds aðfaranótt sunnudags. Ein líkamsrás var tilkynnt til lögreglu.

# Deilt um útgáfu á bók Hitlers

Útgáfuréttur á hinn umdeildu bók Adolfs Hitlers, Mein Kampf, í Þýskalandi verður öllum frjáls eftir átta ár. Virtur sagnfræðingur telur nauðsynlegt að verða á undan nýnasistum til að gefa bókina út með viðeigandi skýringum.

**ÞÝSKALAND** Virtur sagnfræðingur í Þýskalandi vill að hin umdeilda bók Adolfs Hitlers, Mein Kampf, verði endurútfegin í Þýskalandi. Sökum höfundarréttarlaganna hefur bókinni, sem var ein sú umdeildasta á 20. öldinni, ekki verið gefin út frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar en árið 2015 verður öllum frjálst að gefa hana út þar sem þá verða liðin 70 ár frá láti höfundarins. Fréttavefur Der Spiegel greinir frá þessu.

Hörst Möller, yfirmaður stofnunar um samtímasögu í München, hefur áhyggjur af því að árið 2015 kunni nýnasistar að koma til með að misnota textann að því er hann sagði í samtali við þýska dagblaðið Frankfurter Allgemeine Zeitung. „Á meðan Mein Kampf er ekki fánleg í útskýrðum texta eru engin takmörk fyrir einfeltningslegum tilgátum um efni bókarrinnar. Akademísk útgáfa gæti tekið burt hinn einkennilega goðsagnakennda blæ sem umlykur Mein Kampf.“

Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar féll höfundarréttur Mein Kampf í skaut Bæjaralands, sem er eitt af sambandslöndum Þýskalands. Stjórnvöld þar hafa síðan ávallt neitað að gefa leyfi fyrir útgáfu bókarinnar undir því yfirlýsta markmiði að koma í veg fyrir útbreiðslu hugmyndafræði nasismans. Afstaðan er einnig byggð á „ábyrgð og virðingu fyrir fórnarlömbum Helfararinnar þar sem endurútgáfa myndi sýna þjáningu þeirra lítilsvirðingu,“ að því er fréttavefur Der Spiegel hafði eftir talskonu fjármálaráðuneytis Bæjaralands, sem fer með höfundarréttinn, á miðvikudag.

Hugmynd Möllers er misvel tekið meðal þýskra fræðimanna. Yfirmaður stofnunar um rannsóknir á andúð í garð gyðinga í



**HITLER Í FANGELSINU** Í fangelsinu hafði hinn verðandi nasistaforingur nægan tíma til að skrifa bókina alræmdu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Berlín, Wolfgang Benz, finnst hugmyndin fáránleg. „Hvernig geturðu sett skýringar við 800 blaðsíðna einræðu þar sem Hitler

opinberar galna heimsmynd sína? Þú þyrftir að skrifa eftir hverja einustu línu: „Hitler hafði rangt fyrir sér hér“ og síðan „Hitler er



### MEIN KAMPF

Adolf Hitler skrifaði Mein Kampf (ísl. Baráttan mín) þegar hann sat í fangelsi fyrir tilraun til valdaráns árið 1923 og bókinni komst í umferð tveimur árum síðar. Í bókinni lýsir Hitler heimsmynd sinni og hugmyndafræði nasismans í bland við sjálfsævisöguleg atriði auk þess sem hann úthúðar gyðingum og fleiri hópum.

alveg úti á túni herna“ og svo framvegis.“

Benz telur jafnframt að lítið myndi ávinnast þó að bókinni yrði gefin út nú með skýringum þar sem nýnasistar og hægriöfgamenn muni hvort sem er gefa hana út um leið og höfundarrétturinn dettur úr gildi.

„Og það er enginn að fara að kaupa akademíska útgáfu fyrir hundruð evra þegar þeir geta keypt ódýra kilju frá hægri-sinnuðum útgefanda fyrir tvær evrur.“

sdg@frettabladid.is

Forseti Argentínu vikur fyrir konu sinni í forsetakosningunum í október:

## Kona Kirchners ætlar fram

**ARGENTÍNA, AP** Cristina Fernandez, eiginkona Nestors Kirchners Argentínuforseta, ætlar að bjóða sig fram í forsetakosningunum í landinu sem fara fram í lok október. Fernandez tilkynnti um framboð sitt á kosningafundi í borginni La Plata á fimmtudag.

Nestor Kirchner sagði fyrr í mánuðinum að hann ætlaði ekki að sækjast eftir endurkjöri svo að kona sín gæti boðið sig fram í staðinn. Kirchner hefur verið forseti í landinu frá árinu 2003.

Á kosningafundinum sagðist Fernandez ætla að halda áfram með vinstrisinnnaðar umbætur eiginmanns síns sem hefur reist efnahag Argentínu við eftir að hann hrundi árið 2002. Á síðustu mánuðum hefur stuðningur við Kirchner minnkað í landinu, meðal annars vegna þess að verðbólga hefur farið hækkandi í landinu.

Í Argentínu má sami maðurinn aðeins gegna forsetaembættinu tvö kjörtímabil í röð. Pólitískir andstæðingar forsetans og Fernandez telja hugsanlegt að hjónin ætli að reyna að gegna forsetaembættinu á víxl næstu árin. Þeir segja að framboð Fernandez sé ein af leiðum þeirra hjóna til að misnota forsetaembættið og að þau beri enga



**NESTOR KIRCHNER OG CRISTINA FERNANDEZ** Cristinu hefur verið líkt við Hillary Clinton og Evu „Evitu“ Perón, eiginkonu Juan Domingo Perón sem var forseti í Argentínu á árunum 1946-1955 og 1973-1974.

AP/FRÉTTABLAÐIÐ

virðingu fyrir lýðræðislegum stofnunum í landinu.

Skoðanakannanir benda til að Fernandez muni sigra í kosningunum í október en helsti keppinautur hennar er talinn verða fyrirverandi fjármálaráðherra landsins, Roberto Lavagna.

-ifv

LÉTT  
BYLGJAN  
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

# TOSHIBA

image is everything

## REGZA

Örþunn LCD sjónvörp  
með ótrúlegum myndgæðum  
á frábæru verði.

Eitt það fullkomnasta sem völ er á!



HD ready HDMI

Picture Frame LCD digital

Active Vision

ONKYO  
HÁTALARAR



Lægra gengi = lægra verð!



179.900,-



229.900,-



289.900,-

### 68 línan

32" WL68  
1366x768 - 3500:1  
ActiveVision M100 myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
3 HDMI tengi  
HDMI 1.3 - tekur við 1080P

37" WL68  
1366x768 - 3500:1  
ActiveVision M100 myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
3 HDMI tengi  
HDMI 1.3 - tekur við 1080P

42" WLT68  
1366x768 - 3500:1  
ActiveVision M100 myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
3 HDMI tengi  
HDMI 1.3 - tekur við 1080P



199.900,-



149.900,-

tilboð

TOSHIBA

HD DVD

HDE1 - HDspilari

Verð áður ~~71.434,-~~  
Verð nú:

49.900,-



99.900,-

### 66 línan

42" WL66  
1366x768 - 800:1 - 500 cd/m  
ActiveVision myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
2HDMI tengi  
2scart tengi

37" WL66  
1366x768 - 1000:1 - 500 cd/m  
ActiveVision myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
2HDMI tengi  
2scart tengi

26" WL66  
1366x768 - 800:1 - 500 cd/m  
ActiveVision myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
2HDMI tengi  
2scart tengi

### 67 línan

Einnig til í 1920x1080 upplausn í 37" og 42"

Öll verð eru staðgreiðsluverð

MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVARPSTÆKI:



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is

www.ef.is

„ORÐRÉTT“

Opin fangelsi

„Þetta hefur sterk áhrif á mann, að sjá með eigin augum hvernig fólk hér býr nánast í opnu fangelsi.“

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR  
UTANRÍKISRÁÐHERRA HEIMSÓTTI  
FLÓTTAMANNABÚÐIR Í BETLEHEM.

Fréttablaðið 22. júlí

Hangikjöti smyglað

„Ég veit að þeir hafa stundum reynt að smygla hangilæri inn til Kanada frá Íslandi og stundum hefur tollaeftirlitið lagt hald á það. Nú þurfa þeir ekki lengur að hafa áhyggjur af því.“

MARKÚS ÖRN ANTONSSON, SENDI-  
HERRA Í KANADA, ER ANÆGDUR  
FYRIR HÖND VESTUR-ÍSLENDINGA  
MEÐ AÐ NÚ MEGI FLYTJA INN  
ÍSLENSKT LAMBKJÖT TIL KANADA.

Fréttablaðið 22. júlí

HVAD ER AÐ FRÉTTA? JÓN SVEINSSON LÖGMAÐUR

Færri nefndarstörf – meiri líkamsrækt

„Það er nú bara allt mjög gott að fréttu. Það er reyndar ekki hægt annað í svona mikilli blíðu eins og hefur verið í allt sumar,“ segir Jón Sveinsson lögmaður. „Þetta er nú í fyrsta skipti sem ég hef tekið mér sæmilegt sumarfrí. Ég er búinn að vera í sumarfrí meira og minna allan júlímánuð og það hefur verið einstaklega skemmtilegt og notalegt að dvelja með fjölskyldum og vinum. Það hefur ekki verið farið í neinar langferðir, mest hér innanlands, farið í sumarbústað og annað þess háttar. Síðan stendur til að fara austur á firði í lok þessa mánaðar.“

Jón hóf störf hjá Landsvirkjun á síðasta ári. „Það var gott að breyta til og ég er mjög sáttur við það. Ég er að fást við ýmis verkefni sem




tengjast auðvitað raforkusamningum og raforkumálum. Ég er hættur lögmennsku sem slíkri og er í föstu starfi hjá Landsvirkjun. Ég hef einnig tekið þá stefnu að draga mig mikið út úr nefndarstörfum. Ég er búinn að sinna þeim í langan tíma en er hægt og bitandi að minnka þau umsvif. Ég hætti í einkavæðingarnefndinni um áramótin og hef haldið mér til hlés í ýmsum öðrum störfum sem ég hef sinnt.

Ég hef meira snúið mér að því að sinna mínum áhugamálum og fjölskyldunni. Ég fer einnig reglulega í líkamsrækt og sund og stunda mikið göngutúra. Við Guðrún kona mín höfum tekið það upp sérstaklega að fara í gönguferðir. Ég tel mig vera orðinn sæmilega á mig kominn hvað úthald varð.“

TÍVOLI, TÍVOLI, TÍVOLI-LÍ-LÍ

Tívoli í Kaupmannahöfn er sá skemmtigarður sem við Íslendingar þekkjum best og nefnum aðra skemmtigarða eftir honum. Tívolið í Kaupmannahöfn var opnað 1843 og var það þá utan borgarveggja Kaupmannahafnar. Stofnandanum Georg Carstensen tókst að sannfæra Kristján VIII um að leyfa honum að opna skemmtigarðinn „því meðan fólk væri að skemmta sér þá hugsaði það ekki um stjórnmál á meðan“. Tívolið er elsti skemmtigarður í heimi fyrir utan Dyrehavsbakken sem er einnig í Danmörku.



tilveran nær og fjær

SJÓNARHÓLL

MILLIRÍKJAEILA BRETA OG RÚSSA

Deilan mun kólna

„Ég held að þessi deila muni kólna núna fyrst Rússarnir eru búnir að svara. Það verða ekki mikil eftirmál í þessu tiltekna máli því ég held að það þjóni almennum hagsmunum beggja þjóðanna að halda þessu ekki áfram. Rússar gæta sín á því að láta þetta mál ekki spilla fyrir sér enn meira en orðið er.“ segir Þór Whitehead sagnfræðingur um milliríkjadeilu Rússa og Breta sem greint hefur verið frá í vikunni. Bretar ráku fjóra rússneska diplómata úr landi á mánudaginn eftir að Rússar neituðu að framselja Andrei Lugovoi, sem er grunaður um að hafa drepjið fyrrverandi KGB-njósnaðarann Alexander Litvinenko í London í fyrra. Rússar svöruðu í sömu mynt á fimmtudag. „Ástandið í Rússlandi virðist hins vegar vera slæmt og lýðræðisöflin þar eru afar vanmáttug. Mér sýnist landið stefna í átt til einræðis.“



ÞÓR WHITEHEAD

Veiddi fisk af sædjöflakyni

Það er nokkuð algengt að svokallaðir furðufiskar finnast við Íslandsmið. Suðrænum fisktegundum hefur fjölgað með hlýnun sjávar undanfarin ár.

Á árunum 1996 til 2005 fundust 22 fisktegundir í íslenskri landhelgi sem aldrei höfðu fundist áður. Að sögn Jónbjörns Pálssonar hjá Hafrannsóknastofnun hefur þekking á útbreiðslu sjaldgæfra tegunda við Ísland vaxið með árunum. „Það er bæði vegna rannsóknarleiðangra á djúpslóð en ekki síður vegna þess hvað sjómenn eru duglegir að senda sjaldgæfa fiska sem þeir rekast á til Hafrannsóknastofnunar.“

Jónbjörn segir stundum erfitt að skilgreina hvaða fisktegundir eigi að flokka sem sjaldgæfar. „Sumar tegundir sem áður voru taldar mjög sjaldgæfar, meðan sókn veiðiskipa var nær eingöngu á grunnslóð, reyndust nokkuð algengar á djúpslóð þegar veiðar hófust þar. En þótt tegundirnar séu nokkuð algengar eru þetta samt sérkennilegir fiskar.“ Aðrar tegundir furðufiska finnast sjaldnar. Það er yfirleitt vegna þess að það er svo lítið til af þeim eða vegna þess að þeir halda sig venjulega ekki á svo norðlægum slóðum.



TRÖLLI Þessi fiskur veiddist við Íslandshöf en einungis tíu eintök af Tröllu hafa veidst í heiminum svo vítað sé.



BATTI Nýjasta tegundin sem veidd hefur á Íslandsmiðum. Batti veiddist venjulega í hlýja sjónum beggja vegna Atlantshafsins.



NÁSURTLA Lítil fiskur sem veiddist á djúpmiðum undan Suðvesturlandi.

Að sögn Jónbjörns er sama hver ástæðan er fyrir því að fiskur sé sjaldgæfur. Allar upplýsingar um tegundina séu mikilvægar og innlegg í þekkingu okkar á því hvar svæði sem við búum við.

Streymi hlýsjarvar inn á Íslandsmið hefur aukist undanfarin ár. „Það er mjög líklegt að með þessum hlýja sjó berist fisktegundir norðar en þær hafa gert hingað til,“ segir Jónbjörn.

Í lok júní veiddist síðast fiskur sem aldrei hefur sést hér á landi áður. Það var togarinn Hrafn Sveinbjarnarson sem veiddi fiskinn, sem er af sædjöflakyni, í Skaftárdjúpi. Fékk hann nafnið Batti.

thorunn@frettabladid.is



ÆVINTÝRAMENNIRNIR Ásgeir Eliasson, Gunnlaugur Júlíusson, Stefán Víðar og Trausti Valdemarsson keppa í fjallamennsku á móti á Grænlandi.

Sex Íslendingar á Grænlandi: Fjallamennska í ævintýrakeppni

Íslendingar eru á meðal þátttakenda í ævintýrakeppni sem hófst á laugardag á Grænlandi. Keppnin nefnist Artic Team Challenge og í henni keppa fjögurra manna sveitir í fjallamennsku. Hlaupið er yfir fjöll og jökla, hjólað yfir fjöll og róid á kanóum þá fimm daga sem keppnin stendur. Sautján sveitir frá ýmsum löndum taka þátt í keppninni, allt þrautþjálfarir íþróttamenn.

Að loknum fyrsta deginum var íslenska sveitin, Team Intersport Iceland, í fjórða sæti. Þá hafði verið keppt í kanaróðri og fjallaklifri. Á heimasíðu Gunnlaugs Júlíussonar, eins keppandans, kemur fram að fjallahjólræiðarnar séu ekki sterk hlið hjá íslenska liðinu.

- þeb

ÍSLAND - ÞÝSKALAND

Grindavíkuvöllur, mán. 23. júlí - kl. 16.00

ALLIR Á VÖLLINN!



KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri **Verð kr. 330.000.-**



Hornsófi með innbyggðu rúmi **Verð kr. 298.000.-**



Leðursófasett 3+2, til í rauðu leðri **Verð kr. 295.000.-**



*Ertu í húsgagnaleit?*



Stækkanlegt borð f.20 manns



**Italsofa**

**Verð kr. 284.000.-**

Leðursófasett 3+1+1



*Nabucco*



Afar vönduð og sígild

*borðstofuhúsgögn*



*Corinne*

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koniaksbrúnt verð 229.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 198.000.-



**Italsofa**

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri

Litir: Brúnt og koniaksbrúnt

Verð kr. 275.000.-



*Slökunarstólar* í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr. **59.500.-**

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt

[www.valhusgogn.is](http://www.valhusgogn.is)

Röltu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**


Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

**Svona erum við**

> Raforkunotkun Íslendinga í gígavattstundum:



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

**EFTIRMÁL: VOPNAÐ RÁN Í VERSLUN 10-11 VIÐ BARÓNSSTÍG**

**Stúlkurnar mættar galvaskar til starfa**

Unglingsstúlkurnar tvær sem lentu í vopnuðu ráni í verslun 10-11 við Barónsstíg fyrir um tveimur vikum eru komnar aftur til starfa í versluninni. Þær fengu áfallahjálp eftir að tveir menn réðust inn í verslunina vopnaðir leikfangabyssu og kröfðu þær um peninga. Guðjón K. Reynisson, framkvæmdastjóri 10-11, segir áfallahjálpinna hafa reynst stúlkunum vel, en þær eru báðar sautján ára.

„Stúlkurnar eru báðar mættar galvaskar til vinnu aftur og við vonumst til að þetta mál heyri sögunni til,“ segir hann. „Önnur þeirra fór yfir í aðra verslun en hinn vinnur áfram á Barónsstígunum.“ Hann segir ráðningargæfni verslunarinnar vera að ráða

ekki fólk yngra en átján ára, en vegna skorts á umsóknum hafi um tíma þurft að ráða yngra fólk.

Mennirnir sem rændu verslunina höfðu ekki mikið upp úr krafsinu, aðeins skiptimynt. Þeir reyndu að skipta henni í seðla í verslun 11-11 rétt hjá, en náðust stuttu seinna. Annar þeirra var úrskurðaður í níu daga gæsluvarðhald sem rann út rétt fyrir helgi. Mennirnir ganga því báðir lausir og bíða þess að málið verði tekið fyrir. Hákon B. Sigurjónsson hjá auðgunarbrotaeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir málið upplýst af hálfu lögreglunnar.



**SPURT & SVARAÐ**  
FRÍVERSUNARSAMNINGUR ÍSLANDS OG FÆREYJA

**Gott fyrir báða aðila**



**GUÐBRANDUR SIGURÐSSON**  
Forstjóri Mjólkursamsölnunar.

Hinn 1. nóvember síðastliðinn tók gildi fríverslunarsamningur á milli Íslands og Færeyja. Mjólkursamling Færeyinga sem og Mjólkursamsalan hyggjast flytja út mjólkurafurðir. Samningar hafa tekist á milli fyrirtækjanna um að dreifa vörum fyrir hvort annað.

Guðbrandur Sigurðsson er forstjóri Mjólkursamsölnunar. **Hvaða þýðingu hefur þessi samningur fyrir ykkur?** Það er mjög gott fyrir okkur að fá aðgang að 50 þúsund manna markaði til viðbótar þeim 300 þúsund sem er fyrir. Eins er það gott fyrir þá að komast inn á okkar markað þannig að almennt sé held eð þetta sé gott fyrir báða aðila. **Heldurðu að Færeyingar taki skyrinu fagnandi?** Eg er alveg sannfærður um það. Fyrir nokkrum árum flutti Bónus út mjólkurvörur í verslun sína í Færeyjum. Það sýndi sig þá að Færeyingum líkaði þetta mjög vel.

**Ólík sýn á framtíð Kársness**

Íbúar á Kársnesi í Kópavogi hafa stofnað samtökin Betri byggð á Kársnesi til að sporna við hugmyndum um nýtt skipulag á svæðinu. Vesturbær þessa næststærsta sveitarfélags landsins mun umbreytast töluvert við nýtt skipulag, en mikil undiralda er meðal íbúanna, sem hafa aðra sýn á framtíð Kársness en bæjaryfirvöld.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi kynntu fyrirhugað framtíðarskipulag á Kársnesinu á fundi í Salnum 13. desember síðastliðinn. Að fundinum loknum bauðst íbúum að senda inn athugasemdir sínar.

Að sögn Örnú Harðardóttur, formanns Betri byggðar á Kársnesi, sendu á annað hundrað manns inn athugasemdir, en þær hafi ekki verið teknar til greina. Fátt sé um úrbætur í umsögnum sem bárust íbúum í apríl.

Bæjaryfirvöld segja Kársnesið vannýtt í dag. Þar séu hús í niðurníðslu, ósnyrtilegt umhverfi og vannýtt húsnæði. Með nýju skipulagi megi fjölga íbúum um þrjú þúsund á nokkrum reitum. Þar verði meðal annars hótél, smábátahöfn, verslunarmiðstöð,



VESTURBÆRINN Íbúafjöldi á Kársnesi mun tvöfaldast og atvinnusvæði þrefaldast ef áætlanir bæjaryfirvalda ná fram að ganga, að sögn Betri byggðar á Kársnesi.

heilsugæsla, íbúðir fyrir eldri borgara og fatlaða og 54 þúsund fermetra atvinnusvæði.

**Gagnrýni íbúanna**

Aðfinnslur íbúa Kársness felast helst í fjórum þáttum. Í fyrsta lagi telja þeir stórskipahöfn ekki henta umhverfi og skipulagi Kársness. Það sama gildir um atvinnusvæðið á uppfillingunni, en íbúarnir telja að með þessu sé verðmætum lóðum kastað á glæ.

Í þriðja lagi hafa íbúarnir áhyggjur af því að tvöföldun íbúafjölda Kársnessins muni auka álag á innviði hverfisins og háar byggingar muni skerða útsýni. Í fjórða lagi muni umferðaraukning á Kársnesbrautinni valda mengun og slyshættu.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að höfnina á Kársnesi verði seint hægt að kalla stórskipahöfn, þar sem hún hafi aðeins 125 metra kant. Höfnin hafi verið lengi til staðar og aðeins minni fragtskip muni koma til með að nota hana.

Auk þess telur hann það fegra svæðið að færa atvinnustarfsemi að mestum hluta út á landfyllingar og leyfa íbúabyggð að blómstra innar á nesinu. Jafnframt verði skólar stækkaðir til að mæta íbúafjölgun.

**Kársnesbrautin**

Helsta gagnrýni íbúanna varðar aukna umferð um Kársnesbrautina, en um hana fer nú mesti þungi umferðar á Kársnesi. Með tilkomu nýs skipulags, tvöföldun íbúa og stækkun atvinnusvæðis mun umferðin um Kársnesbrautina aukast úr allt að 8.200 ökutækjum á dag upp í 20.600 á dag hið mesta, að sögn bæjaryfirvalda.

Bæjaryfirvöld vilja breyta gatnakerfinu og bæta við umferðarljósum. Eftir breytingarnar getur Kársnesbrautin annað átján þúsund ökutækjum, en finnist

**SAMTÖKIN BETRI BYGGÐ Á KÁRSNESI**

Óánægðir íbúar á Kársnesi stofnuðu samtökin Betri byggð á Kársnesi 27. júní síðastliðinn. Samtökin hafa sett upp vefsíðu á slóðinni www.karsnes.is og setja þar inn greinar og annað fræðsluefni um skipulagsmálin. Samtökin hafa einnig látið hanna mótmælaborða, sem má hengja utan á hús, með slagorðum gegn fyrirhuguðum breytingum. Tugir manns hafa þegar hengt upp slíka borða, en þá má nálgast hjá Örnú Harðardóttur, formanni samtakanna, eða Þórunni Evarssyni varaformanni.



ARNNA HARÐARDÓTTIR

ekki aðrar leiðir til að bæta gatnakerfið þarf að gera ráð fyrir 100-270 færri íbúðum. „Fólk telur að ástandið í dag sé óviðunandi og sér engan veginn fyrir sér að hægt sé að auka umferðina meira,“ segir Arnna.

**Umhverfisáhrif umferðarinnar**

Aukinni umferð við Kársnesbraut fylgir mengun og slyshætta. Hljóðmengun veldur íbúunum nú þegar áhyggjum og mun hljóðstig hækka með aukinni uppbyggingu. Við 31 hús verður hljóðstig yfir 65 desibelum, sem er yfir hljóðvistarmörkum fyrir gömul hverfi, að sögn Örnú. Bæjaryfirvöld segjast vilja leita lausna á málinu.

Áhyggjur bæjaryfirvalda af svifryksmengun eru hins vegar hverfandi. Frá og með áramótum verða strætisvagnar í Kópavogi gjaldfrjálsir og telur bæjarstjóri að það muni minnka svifryksmengun. Að auki komi til greina að banna nagladekk. Með þéttri byggð verði styttra að fara í vinnuna og því minna um mengun.

Bærinn vinnur eftir Staðardagsskrá 21, sem miðar að því að gera sveitarfélög vistvænni. Vonast er til þess að söluverðmæti eigna í vesturbænum aukist við umbæturnar og tekjur sveitarfélagsins einnig, vegna framkvæmdanna.

**Þrjú til fjögur skip á mánuði**

Stækkun hafnarinnar ber ábyrgð á umferð fimm þúsund fleiri bíla á Kársnesbrautinni daglega, að sögn Örnú, þrátt fyrir að Gunnar segi höfnina verða litla í sniðum.

„Við höfum sagt að okkur finnist út úr kortinu að reka höfn fyrir eitt fyrirtæki. Það liggur í hlutarins eðli að ferðunum muni fjölga, önnur fyrirtæki munu vilja nota höfnina,“ segir Arnna. Íbúar hafa frest til 21. ágúst til að gera athugasemdir við skipulagið á hafnarssvæðinu.

Prálátur orðrómur hefur verið uppi á Kársnesi um að BYKO hafi þegar verið gefið vilyrði fyrir lóð og aðstöðu við höfnina. „Það er svolítið sérstakt að mörgu leyti að Gunnar Birgisson talar alltaf eins og BYKO eigi að fá þarna aðstöðu, en BYKO er ekki búíð að fá neinu úthlutað lögformlega,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar. „Við viljum BYKO allt hið besta, en við teljum það hvorki þeirra hagsmuni né okkar að nýta þessa höfn,“ segir Arnna.



FRÉTTASKÝRING  
STJENDÓR GRÉTAR JÓNSSON  
steindor@frettabladid.is

Orkuveita Reykjavíkur

# Jarðfræði í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 24. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð um Elliðaárdal undir leiðsögn Einarssonar Gunnlaugssonar, jarðfræðings. Jarðfræði Elliðaárdals er stórkostleg. Í dalnum má t.d. finna jökulrakaðar grágrýtisklappir, hraun frá nútíma, sjávarhalla og merkileg setlög. Gangan hefst við Minjasafnið í Elliðaárdal kl. 19:30.

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. [www.or.is](http://www.or.is)

allt að  
**SJUNVÖRÞ**

37%

HÁFAR OG GUFUGLEFAR

allt að afsláttur  
**ÞVITTAVÉLAR**

29%

50%

ÍSSKÁPAR

HLJÓTTÆKI

15%

15%

70%

SMÁTÆKI

allt að afsláttur  
**OFNAR 46% HELLUBORÐ**

46%

ÚTSALAN  
ER HAFIN!  
ÚTSALAN  
ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16









allir litir náttúrunnar eru okkar litir

HJÖRVI er meira en bara þakmálning  
...hentar vel á tré og málma, heldur gljáanum



*Hjörvi er ekki bara þakmálning heldur hentar hann vel á allt tréverk, galvanhúðað járn, litaðar járnklæðningar, ál og aðra léttmálma, bæði við ný- og endurmálun.*

*Hjörvi er vatnsþynnanleg akrýlplastþeytumálning sem heldur lit og gljáa sérlega vel, er auðveld í notkun og fljótþorandi. Inniheldur efni til varnar gróðurmyndun.*

*Komið og leitið ráða hjá sérfræðingum okkar eða fáid góð ráð og lausnir á heimasíðunni, [www.slippfelagid.is](http://www.slippfelagid.is).*



## Engin hækkun á lífeyri aldraðra enn

**UMRÆÐAN**  
Eldri borgarar

**S**tjórnmalaflokk-Sarnir lofuðu eldri borgurum margvíslegum kjarabótum fyrir kosningar. Engin hækkun hefur enn orðið á lífeyri aldraðra frá almannatryggingum. Það eina sem hefur gerst í málum aldraðra er að þeir, sem eru 70 ára og eldri, geta nú farið út á vinnu- markaðinn án þess að sæta skerðingu tryggingabóta vegna atvinnutekna. En þessi breyting tekur ekki til ellilífeyrisþega á aldrinum 67-70 ára. Þeir sæta áfram skerðingu tryggingabóta, ef þeir eru á vinnu- markaðinum.



**BJÖRGVIN GUDMUNDSSON**

fyrir kosningar, að svo yrði. En það kosningalof- orð hefur ekki verið efnt. Eldri borgarar: krefjast þess, að staðið verði við kosningaloforðið. Það eru engar efnidir að reka eldri borgara út á vinnu- markaðinn. Eldri borgarar eru búnir að skila sínu vinnuframlagi til þjóðfélagsins. Þeir eiga rétt á sómasamlegum lífeyri.

**210 þúsund eðlilegur lífeyrir einstaklinga**

Hvað er sómasamlegur lífeyrir aldraðra einstaklinga, sem búa einir? Hagstofan hefur kannað neysluútgjöld heimilanna í landinu og þar á meðal einstaklinga. Samkvæmt síðustu neyslukönnun Hagstofunnar þurfa einstaklingar 210 þúsund á mánuði fyrir neysluútgjöldum, til jafnaðar. Skattar eru hér ekki meðtaldir. Ég tel, að lífeyrir aldraðra einhleypinga ætti að nema þessari tölu, að lágmarki. Ég miða þá við þá, sem ekki fá lífeyri úr lífeyrissjóði, heldur hafa eingöngu lífeyri frá almannatryggingum. Í dag er lífeyrir þessara einstaklinga 126 þúsund á mánuði. Það vantar því tæplega 100 þúsund krónur á mánuði upp á að lífeyrir almannatrygginga dugi. Það verður að leiðrétta lífeyrinn strax eða í síðasta lagi í haust þegar þing kemur saman. Ekki kemur til greina að biða lengur með leiðréttingu. Það verður að efna kosningaloforðin.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

## Við þurfum stuðning bæjarbúa

**UMRÆÐAN**  
Kársnesið



**HELGI HELGASON**

**M**jög margir íbúar Kársnesinu hafa gripið til þess ráðs að hengja borða utan á hús sín þar sem mótmælt er hugmyndum núverandi meirihluta sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um gríðarlega þéttingu byggðar á Kársnesinu með tilheyrandi umhverfisspjöllum og auknum umferðarþunga. Á einum borðanum stendur að umferðarþunginn muni aukast upp í átján þúsund bíla á dag. Það er í takt við það sem hönnuðir þessara hugmynda hafa fullyrt.

Ég hef áður á þessum vettvangi lýst andstöðu minni og Frjálslynda flokksins við þessar hugmyndir varðandi Kársnesið en líka rifjað upp sams konar mál

úr fortíð þessa meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogi. Sams konar deilumál hafa síðan fylgt þessum meirihluta til þessa dags. Ég nefni deilur um uppbyggingu við Lund, við Kópavogstúnið, Heiðmerkumálið, Glaðheimamálið og nú síðast óánægju vegna hugmynda um nýtt skipulag fyrir Nónhæð. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er búinn að missa alla framtíðarsýn og veruleikaskyn. Trú þessa meirihluta er ekki lengur á einkaframtakið, ekki lengur á umhverfismál, ekki á íbúalýðræði eða lýðræði yfir höfuð. Ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði trú á lýðræði, frelsi einstaklingsins og umhverfinu þá væri fólk í vesturbæ Kópavogs ekki að hengja borða utan á

hús sín til varnar lýðræðinu, umhverfinu og rétti sínum sem einstaklingar. Hefði þessi meirihluti trú á einstaklingnum og umhverfi hans þá sæi hann til þess að gamalgróin strandlengja vesturbæjar Kópavogs fengi að halda sér, í takt við vilja íbúanna. Hann sæi til þess að fólk sem keypti sér lóð eða íbúð á skipulögðu svæði ætti það ekki á hættu að fá í bakið að skipulaginu væri bara breytt, með ofbeldi, eins og er að gerast í vesturbæ Kópavogs.

Ég skora á alla Kópavogsbúa að setja sig í spor okkar sem búum í vesturbænum og styðja okkur gegn þessum áformum. Vilji þú fá átján þúsund bíla á dag fram hjá bakgarðinum ykkar? Værir þú sáttur við að fá skyndilega fimm þúsund manna byggð í bakgarðinn hjá þér?

Nei, ekki ég heldur!

*Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi.*

## Opið bréf til bæjarstjóra Kópavogs

**UMRÆÐAN**  
Kársnesið

Sæll, Gunnar.

Hversu lengi ætlar þú að skella skollaeyrum við óánægju íbúa á Kársnesi vegna fyrirhugðra skipulagsbreytinga á svæðinu?

Mér brá þegar ég las svar þitt í Fréttablaðinu (21. júlí 07) við áhyggjum íbúa hér. Ætlar þú að slá ryki í augun á fólk með því að einfalda mengunarmálin á svo

ótrúlegan hátt eða gerir þú þér í raun ekki betur grein fyrir áhrifum af margfaldri bílaumferð hér? Að sjálfsgöðu er ekki aðeins um svifryk af nagladekkjum að ræða heldur um hávaðamengun og loftmengun frá bílaútbæstri almennt auk slyshættu fyrir gangandi vegfarendur, ekki sist börn.

Kársnesið er botnlangi þar sem öll um-



**MAJA LOEBELL**

ferð verður að fara í gegnum flöskuháls til að komast af svæðinu. Fyrirhugað skipulag þýðir ekkert annað en að troða í botnlangann þannig að hann springi. Slíkt væri ekkert annað en stórslys í byggingarmálum og algjör rangtúlkun á hugmyndinni um þéttingu byggðar.

*Höfundur er íbúi við Kópavogsbraut.*

## 2 fyrir 1 til Parísar í júlí og ágúst frá kr. 19.990

París er ótrúlega spennandi borg, hvort sem þú vilt þræða listasöfnin, spranga um í Latínuhverfinu eða njóta lífsins lystisemda sem þessi einstaka borg býður í ríku mæli. Griptu tækifærið og bjóddu elskunni þinni til Parísar á frábærum kjörum. Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Úrval hótela í boði frá kr. 3.300 nóttin á mann í tvíþýli.

**Kr. 19.990**

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 22., eða 29. júlí og 5. eða 12. ágúst í 1 eða 2 vikur. Netverð á mann.



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík  
Sími: 591 9000 · [www.terranova.is](http://www.terranova.is)  
Akureyri sími: 461 1099  
Hafnarfjörður sími: 510 9500

## Loks fulltrúi fólksins í ríkisstjórn

**UMRÆÐAN**  
Stjórnmal



**ALBERT JENSEN**

**R**öðun í ráðuneyti Nýju stjórnarinnar er Samfylkingunni til sóma. Sjálfstæðisflokkurinn var ekki eins lýðræðislegur. Það hefði verið flokknum til framdráttar að gera Guðfinnu að ráðherra án þess að vitað sé hvers er að vænta af henni eða Guðlaugi. Jafnrétti er hverjum sem það virðir til sóma. Vonandi er landbúnaðurinn ekki í hættu með nýrri stjórn. Í fösturvísamálinu og gegn innflutningi hráss kinda- og nautakjötis, barðist Guðni Ágústsson hetjulega og var óþreytandi að vekja athygli á íslenska hestinum. Hann er að vísu misvitur, en hver er það ekki?

Það sem gerir þessa ríkisstjórn vinsamlega almenningi, er skipun Jóhónnu Sigurðardóttur í eina af mikilvægustu stöðunum. Hún hefur verið skærasta stjarna jafnaðarmanna í langan tíma og sú manneskja sem setur ekki sjálfa sig í forgang eins og of oft vill verða með þingmenn. Það sást vel þegar hún var félagsmálaráðherra. Hún er það besta við þessa

ríkisstjórn og sú sem almenningur setur traust sitt á, enda er hún ekki manneskja innihaldslaus orðagjálfsurs og sýndarmennsku. Jóhanna er orðin ráðherra mikilvægustu mála aldraðra, öryrkja og láglaunafólks og það útaf fyrir sig gerir ríkisstjórnina trúverðugri. Ég vona að með Þórunni Sveinbjarnardóttur hafi þjóðin loksins fengið alvöru umhverfisráðherra, en forverar hennar skrumskældu það góða sem ráðuneytið á að standa fyrir. Sá fyrsti er þó ekki meðtalinn. Hann reyndi hvað hann gat en mætti fordómum og skilningsleysi. Allir hinir ráðherrarnir voru íslenskir náttúruerfiðir ljáir í þúfu og skiluðu einungis vandræðum fyrir hana og íslensku þjóðina. Einn var svo utangátta að hann lét friða mink og ref á Vestfjörðum og hélt að þjóðin tryði fullyrðingum sínum og annarra líffræðinga um að dýrin virtu landamerki. Nú eru dýr þessi og mávar að eyða mófugli. Já, öllu sem þau ráða við. Annar ráðherra skildi ekki hvað menn sæju merkið og fagurt í við-erminu norðan Vatnajökuls. Utan

reykingabanns var friðun rjúpunnar það eina góða sem hann gerði. Sá næsti afnam friðunina. Menn dæmi sjálfir hvort andlegt umkomuleysi hjái þetta mikilvæga ráðuneyti.

Nú er að sjá hvort Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi áttað sig á því að köld rökvisi og samningar um afslátt á hagsmunum aldraðra og fatlaðra er feigðarflan sérhvers jafnaðarmanns. Ég vona að hún slíti frekar samstarfinu en að verða eins og mús undir fjala-ketti. Hræðilegt þegar Framsókn og Sjálfstæðisflokkur settu Halldór í forsæti ríkisstjórnar, þvert á vilja þjóðarinnar. Hvorugur flokkurinn skilur að enginn er svo smár að ekki sé betra að hafa hann með sér en móti. Framsóknarflokkurinn hefði ekki brennt sér brýr að baki ef þau orð væru leiðarljós hans.

Síðasti heilbrigðisráðherra vann gegn hagsmunum fatlaðra í tilraunum þeirra til að fá sanna-gjarna lausn á styrkjum til bíla-kaupa og styttingu eignartíma. Brennt barn forðast eldinn, það skilur Guðlaugur Þór vonandi betur en forustufólk Framsóknar. Síð vegna og allra hinna, vona ég að hann brenni hvorki nú né síðar, sér allar brýr að baki.

*Höfundur er trésmídameistari.*

### AF NETINU

#### Troðið í óæðri enda Bush

Helsta frétt amerískra fjölmiðla í dag er að hópur lækna muni eyða deginum í að troða hlutum upp í rassgat Bush Bandaríkjaforseta. Ég er raunar ekki viss um að vandamál- ið liggir þar en þetta minnir mig á að þegar ég var nýfarinn að fylgjast með heimsmálanum voru gyllinæð- arvandamál þáverandi Bandaríkja- forseta mikið fréttaefti og þá heyrði ég einmitt fyrst getið um þennan leiða sjúkdóm. Ármann Jakobsson <http://skrubaf.blogspot.com>

#### Kotroskinn Jón Ólafsson

Það gladdi mig að sjá Jón Ólafsson, athafnamann, spranga kotroskinn á skjánum og segja frá nýjustu ævintýr- um sínum í atvinnulífinu. Jón er kominn með efnilegum syni sínum á full- an skrið í vatnsflutningi með An- heuser Busch. Össur Skarphéðinsson [http:// http://ossur.hexia.net](http://http://ossur.hexia.net)

#### Parf málfarslögreglu?

Einn þeirra, sem oft er á síðum blað- anna, er Davíð Þór Jónsson en síð- asta vetur vann hann sér það helst til frægðar að semja spurningar og

dæma svör í sjónvarpsþættinum vin- sæla Gettu betur. Í Fréttablaðinu í dag er sagt frá því, að Davíð Þór verði ekki við þetta starf næsta vetur held- ur ætli hann að halda áfram námi sínu í guðfræði. Blaðamaðurinn hefur líklega ætlað að setja sig í kristilegar stellingar, þegar hann skrifaði fréttina um vistaskiptin en hún hefst á þess- um orðum: „Davíð Þór Jónsson hefur ákveðið að **venda kvæði sín í kross.**“ (Feitiletrun mín.) Hvernig ætli Davíð Þór hefði dæmt, ef málfarsspurningu hefði verið svarað á þennan veg? Björn Bjarnason <http://www.bjorn.is>

### Auglýsingasími

**512 50 50**  
— Mest lesið

**Ewan McGregor** mun nota Nokia 6110 Navigator-símann á mótorhjólaferð sinni frá Skotlandi til Suður-Afríku. Áður hafði McGregor og félagi hans farið „Long Way Round“, þar sem þeir ferðu-ust hringinn í kringum hnöttinn, en ferðin nú kallast „The Long Way Under“.



**Kanadískir** tölvu-snillingar hafa hannað forrit sem er ósigrandi í dammtaflí. Það spilar alltaf fullkominn leik og ef það spilar við sjálft sig verður alltaf jafntefli í þessu 5.000 ára gamla borðspili.

**iPhone** verður samkvæmt nýjustu fregnum hleypt lausum á Evrópumarkað á síðasta ársfjórðungi ársins 2007. Það gæti þýtt að hann komi ekki fyrr en rétt fyrir jól hingað til lands.



# allt

## GTA IV er vel á veg kominn

ÞAÐ FER AÐ STYTFAST Í AÐ GRAND THEFT AUTO KOMI ÚT. LEIKURINN LÍTUR VEL ÚT.

Hvern hefði grunað að meðalunglingnum myndist fátt skemmtilegra en keyra hratt (helst á fólk), skjóta fólk (helst saklaust) og verða illræmdasti glæpamaðurinn í borginni (með því að drepa alla hina)? Svárið er Rock Star Games og þeir eru enn að græða á þessari uppgötvun sinni. Í október kemur út fjórði leikurinn í Grand Theft Auto seríunni og



GTA IV gerist í New York-borg.



Það er nóg af fólk (að keyra á) í GTA IV.

það verður að segiast eins og er að myndir og myndskreið úr leiknum líta vel út. Meiri drungi virðist hvíla yfir þessum leik en forverunum og eðlilega er grafíkin orðin mun betri með betri tækjakosti. Hægt er að skoða leikinn nánar á [www.rockstargames.com/IV](http://www.rockstargames.com/IV).

## Skotið, klippt og niðurhalað beint


Talið er að nýi Samsung SCH-B750-farsíminn verði búinn ýmsum spennandi eiginleikum, meðal annars getunni til að taka upp hreyfimyndir, klippa þær og niðurhala á netið án milligöngu tölvu.

Í Info World er greint frá því hvernig hægt verði að skjóta myndir í CIF-upplausn á símann og klippa þær til. Auk þess verður hægt að setja texta inn á myndirnar og bæta hljóði við þær, áður en þeim er halað niður á vefsíður á netinu.

Vélin er reyndar ekki sú fyrsta sinnar tegundar, þar sem Casio Computer sendi nýlega frá sér myndavél með eiginleikann til að skjóta YouTube-myndbönd og hlaða þeim milliliðalaust niður á netið.



- rve



Að kanna möguleika á þrívíddarlíkönum út frá tvívíðum myndum er tiltölulega óþægður akur innan sviðs tölvusjónar en það er nákvæmlega það sem Erlingur er að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ódýrara er auga en augu

*Erlingur Brynjúlfsson hefur um nokkurt skeið rannsakað tölvusjón. Markmiðið er að geta búið til þrívíddarlíkön með einni venjulegri myndavél og reiknislíkani.*

Erlingur Brynjúlfsson rafmagnsverkfræðingur kláraði nýverið meistaraverkefni sitt. Verkefni hans fólst í að meta þrívíða hreyfingu útlima mannskepnunnar með aðeins einni myndavél.

„Þetta var ekki auðvelt verkefni því það eru svo takmarkaðar upplýsingar sem fást með tvívíðri mynd úr einni myndavél,“ segir Erlingur. „Oftast er notast við tvær eða fleiri myndavélar til að ná þrívíddinni en það fælist mikill sparnaður í að geta notast við bara eina vél.“

Aðferð Erlings byggist á því að punktar eru festir á ákveðna staði á mannslíkamanum. Myndatökuvél tekur mynd af hreyfingum líkamans og fylgir um leið hreyfingu punktanna eftir. Reiknilíkan reiknar svo út hreyfinguna í þrívídd.

Niðurstöður Erlings voru nokkuð jákvæðar en hann segir að enn sé nokkuð í að aðferðin sé fullkláruð.

„Ég vona að í framtíðinni nýtist tækni til dæmis í göngugreiningu og einnig tölvuleikjagerð þegar gera þarf mól af hreyfingu manna,“ segir Erlingur. „Það að geta reiknað út þrívídd með einni myndavél, nær hvaða myndavél sem er í rauninni, yrði mun hagkvæmara en þær aðferðir sem notast er við í dag svo kostirnir yrðu ótvíræðir.“

tryggi@frettabladid.is



**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

## BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



# Finndu þér stað


## Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ  
AÐEINS  
**3,7%**

Miðað við myntkórfa 4,  
Libor-vextir 20.6.2007.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lág múla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á [frjalsi@frjalsi.is](mailto:frjalsi@frjalsi.is) til að kynna þér málið nánar.

**FRJÁLSI**



**Ný útgáfa af PSP** frá Sony er á næsta leiti og verður sú útgáfa léttari og ódýrari en fyrirrennari sinn. PlayStation Portable eða PSP fer á Ásiúmarkað í september og mun sennilega veita Nintendo DS harða samkeppni.

**Handrið og stigasmíði**

Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fánlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmiði.

Nýtt - glerpunkta-festingar 50mm

Q-Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt!  
Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál

**ATLANTSKAUP**

Upplýsingar á [www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)  
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík S:533-3700.

## Klikkuðu DARPA-vísindamennirnir

Ef það er klikkað og getur drepið fólk, varið hermenn eða njósnað um óvini þá geturðu verið viss að DARPA er að fjármagna þróun þess.

DARPA stendur fyrir Defense Advanced Research Projects Agency eða Rannsóknarstofnun



DARPA fjármagnar meðal annars rannsóknarverkefni á leiser-stýrðum byssukúlum fyrir handvopn.

hátækni-varnarbúnaðar. Stofnunin heyrir undir varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og er henni ætlað að finna, fjármagna og fylgja eftir framúrsteftnulegustu og framsæknu rannsóknarverkefnum sem mögulega er hægt að nýta í hernaðartilgangi.

Áhættan í verkefnum DARPA er mikil en ágóðin er það einnig. Nýlega skilaði til dæmis verkefni sem stofnunin fjármagnar í Harvard háskóla einni af fyrstu fljúgandi vélmennum í formi flugu (þó sumir telji að herinn hafi nú þegar yfir slíkum tækjum að ráða).

Sum verkefnanna sem DARPA fjármagnar þessa stundina hljóma eins og þau eigi betur heima í vísindaskáldsögum og tölvuleikjum: Leiser-stýrðar byssukúlur fyrir handvopn, hljóðskyldir fyrir háværa skrjódreka, fjarstýring á hákórlum svo þeir nýtist í hernaðartilgangi(?!?!), rafskaut tengd mannheilanum sem á einhvern hátt vara hermenn við hættu áður en heilinn nær að vinna úr hættu-



Þessi vélfuga getur flogið og notar sömu eðlisfræði og raunveruleg skordýr til þess. Verið er að bæta stýribúnaði á hana og þá er ekki langt að bíða í myndavélina, hljóðnemann og eiturbroddinn.

boðum og ósýnilegur skjöldur sem hægt er að skjóta út um.

Já, mikið rétt. Ósýnilegur skjöldur fyrir hermenn og farartæki sem endurnýjar sig sjálft, ver hermenn fyrir skotárásum og sprengjum en hleypir skotum gegnum sig að innanverðu. Halló einhver?

- tg

**pgv**

**GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...**

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTUNG

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfrír og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnað viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | [www.pgv.is](http://www.pgv.is)

## Allur pakkinn í Sony Center

Breytingar gerðar á starfsemi Sony Center í Kringlunni. Til stendur að auka úrval svokallaðra „high-end“ vara og auka um leið þjónustu.

Það hefur varla farið framhjá mörgum sem lagt hafa leið sína í Kringluna að verslunin Sony Center hefur verið lokað um nokkurt skeið. Að sögn Bjarna Kristinsonar, framkvæmdastjóra Sony Center, er verið að gera lítilsháttar breytingar á búðinni ásamt því sem til stendur að breyta vöruframboðinu og bæta þjónustuna.

„Verslunin er orðin nokkurra ára gömul og af þeim sökum þótti okkur tímabært að lappa aðeins upp á hana,“ segir Bjarni. „Við erum ekki að umbylta versluninni, þrátt fyrir að hún verði vissulega ögn flottari þegar hún verður opnuð að nýju hinn 28. júlí. Breytingin verður aðallega fólgin í vöruframboði og betri þjónustu en áður.“

Að sögn Bjarna verður aukin áhersla lögð á high end-línu Sony, sem samanstendur af dýrari, flottari og ekki síst sérhæfðari vörum. Síðasttalda atriðið kalli jafnframt á aukna þjónustu þar sem fyrirtækið mun annast uppsetningu, stillingu og kennslu í notkun græjanna, ásamt því að útvega verk-



Bjarni Kristinn, framkvæmdastjóri Sony Center, segir viðskiptavinir geta búist við sérhæfðari vörum og bættri þjónustu eftir opnun. Auk þess stendur til að sinna heildsöluinni betur en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

taka í flóknari verkefni. „Viðskiptavinir okkar koma til með að geta valið um nokkra mismunandi pakka,“ útskýrir Bjarni. „Einn pakki kemur til með að samanstanda af vörum og uppsetningu. Annar af vörum, uppsetningu og þjónustu verktaka og svo fram-

vegis. Við erum alls ekki að finna upp hjólið, heldur fyrst og fremst að svara kallinu.

Viðskiptavinir okkar gera auknari kröfur um þjónustu og við erum að gera okkar besta til að verða við því.“

[roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)

## Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúnum.  
Allt upp í 90 % afsláttur.  
Allt á að seljast.

Erum í Dugguvog 2 (GG húsið)  
S: 557 9510

Sófar, svefnsofar, rúm, borð, eldhúsinnréttingar, borðstofuborð, stólar og fleira.



**Ekkert mál -að verða mál**



**TravelJohn**

TravelJohn pokarnir eru finn ferðafélagi þegar manni verður mál.

Fást á eftirtöldum stöðum:  
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmíðjan,  
[www.donna.is](http://www.donna.is) [www.traveljohn.com](http://www.traveljohn.com)

**Hvað er að fréttu?**



Beint í farsímann eða í vefpósti

[www.visir.is](http://www.visir.is)

**visir**

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA  
UM HELGAR**

**8-18  
11-16**



Suzuki Ignis sport 109 hð, árg. 5/05, ek. 15 þ. km, 1.5L, 5 gir, Kraftmikill smábíll, Verð 1.100 þ. áhv. 650 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf  
Gylfahlöt 5, 112 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
www.arnarbilur.is**



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda Cx-7 2.3L Turbo 244 hp, framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda CX-9 3.5L V6 263 hp, 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr 2007 Mazdaspeed 3 2.3L Turbo 263 hp. 5.8 sec. í 100 km.

**X4 ehf  
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík  
Sími: 565 2500  
www.x4.is**



Dodge Ram 3500, árg. 2003, ek.64þús. km, Disel, Verð 3490þús.kr.

**100 bílar ehf  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-19 og laugardaga 12-17  
www.100bilur.is**

**Bílar til sölu**



Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km. Nýr frá 2600 þús til leigubílskj., almennt v.3325 þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hð. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðs-verði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Ford Explorer Eddie Bauer 2006

Ek 30þ.km, V6, leður, stigbretti, ssk, filmur, 6xcd,

tjónlaus, árs ábyrgð, o.m.fl. ATH Verð aðeins 3.290 þús. Uppl. s. 669 4477.



Toyota Land Cruiser 90 GX, 33" árgerð 12/00, ekinn 118 þ.km, Disel, 5 gir. Aðeins 2 eigendur frá upphafi. Uppl. í síma 695 7000 & 663 0006.



Porsche 911 c2 GT3 optic árgerð '00 ek. 55 þ. 6gíra m/öllu allur ný yfirfarinn. Innfluttur nýr af Bílabúð Benna!! Verð 6550 þ. Uppl. 420 6600 & 860 8488. Raðnr. 212523.



Ford F-350 King Ranch árg. 04/06 innf. nýr ek. 51 þ. Störgæslislegur bíll, hláðinn aukabúnaði. Verð 4.200 þús. m. vsk. Uppl. í s. 824 1060.



VW Touareg V6, 4/2004, ek: 45 þ. km. Svartur með beige krikketleðri. Sérlega gott og vel búíð eintak. Uppl. í síma 899 9493 Nanna



Volvo S40 special edition 11/03, ssk., leður, bíll m. öllu. Selst með yfirtöku á mjög hags. samning. Greiðsla f. mán. ca. 24 þ. S. 694 4141.



Til sölu Golf 1,6 komfortline, 2003, ekinn 50þús. sjálfskiptur, topplúga og álfelgur 250 þús. og yfirtöku á láni. uppl. 862 2615



Volvo V50 T5 ek. 27 þús. Leður, sjálfskiptur. Áhv. 2,8 m. Ásett verð 3,7 m. Tilboð óskast. S. 661 5223.



Toyota Land Cruiser. 05, Svartur 35" breyttur Hláiðinn aukahlutum... Verð 5,6 milj, bílalán 2,0 milj, Engin skifti. Sími 8956172

**www.bilapartar.is**

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bilapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

**Selst hæstbjóðanda!**

Subaru Outback ssk., cruzcontrol 4WD. Ný tímareim. Uppl. í s. 663 8259.

Til sölu Skoda Oktavia árg.'03 Ek. 82 þús. Ssk, lítað gler, verð 990 þús. Áhv. 500 þús. Uppl. í s. 824 8512.

Til sölu Mazda 626 diesel station ek. 285 þ. Árg '99 verð 250 þ. stgr. Uppl. í s. 892 1336.

Til sölu Pajero, árg 98, 7 manna, sjsk, 2.8. diesel,ekinn 218.þús km. Vél ekin 40. þús og er bíluð. Uppl. í síma 895 0648.

**0-250 þús.**

Til sölu Suzuki Baleno árg.'97 í mjög góðu standi. Uppl. í s. 897 8825.

Audi 80 árg. 89. Gangfær en startari þarf viðg. lítur vel út. tilb. ósk. 8467079

**1-2 milljónir**



Subaru Legacy Wagon 4x4 2002. Ekinn 105þ. Sjálfskiptur, geislaspillari, samlaesingar, rafmagn í rúðum og speglum, innbyggt Nokia Bluetooth, dráttarkúla, sumar og vetrardekk. Ný yfirfarinn; ný tímareim og tilheyrandi, nýir bremsudiskar og klossar framan og aftan. Verð 1.250 þús eða tilboð - engin skipti. Uppl: 860-5934



Toyota Avensis 03 ek 64þ km sjálfskiptur dráttarbeiðslu verð 1800þ engin skipti s:8654445

Nissan Terrano 01, beinsk sumar og vetrardekk. Ek 103þ, verð 1490þ skipti mögl á óðyrari -s:8962772

**2 milljónir +**



Nýr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



LEXUS IS200 skr. 11/03 ek 55þ Verð, 2.100 þús. Uppl 690-1922



Audi 2005 árgerð. 18" álfelgur, loftþúfaflöðrun, xenon ljós, fjarlægðarskygnjar, Navigation,leður og lúga. Einn með öllu, keyrður 44 þús. verð 5.450.000.- upplýsingar eftir 18:00 í síma 8995100

**Bílar óskast**

Suburban óskast uppl. í s. 662 4296.

Óska eftir óðrym eða gefins sendib./pallb. Má vera bílaður, ónytur allt kemur til gr. Óska einnig eftir gúmmibát, má þarfnast viðgerða. Sími: 6946748

**Jeppar**



2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2.590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Til Sölu Land Cruiser 100 árg. '99. ekin 132 þús. 4,7 bensin, cruse, control, toppl, teams, aukadekk, Verð 2.490 kr. 2.200 staðgreitt, uppl. í s. 895 9066.



MMC Montero árg. '03, ekinn 50 þús., leður, lúga, ssk., cd, lítað gler. Listaverð 3.290 þús. Góður stgr.afsl. Skoða öll sk. S. 847 8028.



Suzuki Jimny Árg. '01 ek. 90 þ. 35" dekk. Læst drif 5/38 hlutf. Fæst á góðu verði. S. 690 0004



DODGE INTREPID 3.5 R/T Árg 2000 Ek 62þ CD, topplúga, leðuráklæði ofl verð 1.090 þús S. 553 6460/664 1023

**Fornbílar**



Af sérstöfum ástæðum er til sölu Mercedes Benz 280 ce árg. 1983 Uppgerður og í toppstandi uppl. í s 896 3044

**Pallbílar**



Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 diesel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

**Mótorhjól**



Eigum enn nokkur 200cc Endurohjól á þessu frábæra verði 159.900 kr., hægt að götuskrá. Flott krakka torfæruhjól á aðeins 99.900 kr. Flottustu vespur í bænum 50cc aðeins 129.900 kr. Uppl. í s. 895 7272 og www.endurohjol.com



Harley Davidson Softail Deluxe '05. Ek. 7900 þús. Áhvílandi 1600 þús. Verð tilboð. Uppl. í s. 862 2514.

Óska eftir Harley Davidson með yfir töku á láni. hafið samband í síma 695-65-78

**Fjórhjól**



Til sölu Kawasaki KFX 400 fjórhjól, árgerð 2006. Lítið sem ekkert notað og frábært í alla staði. V. 690 þús. Nánari uppl. í síma 820 7065

Til sölu Suzuki 250 fjórhjól Skráð 21/08/06 Vel með farið, verð 450 þús. Uppl. í s. 896 5705.

**Hjólhýsi**



Hobby 560 ufe Excelsior árg. 06, leður innrétting, markísa, rafgeymir, gaskútur. Tilbúð í ferðalagið verð 2400 þ. Uppl. í s. 824 1060.



Til leigu hjólhýsi. Með sólarsellu og for-tjöldum. S. 659 2452 Samsel. Afsláttur gegnum stéttarfélag! btnet.is/hjohlhysa-leigan



**Verðsprenging Delta 2007**  
Sumarsnellur. Erum að selja 2 síðustu Delta hjólhýsin, áfram með 100.000 kr lækkun. Verð aðeins 1.678.400 kr. Innifalið í verði: rafgeymir, hleðslutæki, gaskútur og varadekk. Tilbúin í ferðalagið, til afhendingar strax. Fortjald á hálfvirði. Allt að 100% lán s. 587-2200, 898-4500 www.vagnasmiðjan.is

Stórt hjólhýsi 20-40 fet óskast má vera gamalt. Uppl. í s. 847 1555.

**Hvað er að fréttast?**  
GÓÐAÞINGIÐ

Við tækjum sportið

www.visir.is

# SG BÍLASALA

Sími: 421 4444

Bolafót 1 • 260 Reykjanæsbær • www.sgbilar.is



**RENAULT MEGANE SCENIC**  
Árg. '04 Ek. 37 þ.km, ssk. Nýsk. 1/04, V.kr. 1850 þús. Áhv. kr. 1800 þús. Mán. Afb. 27 þús. Sk. Ódýrari.



**TOYOTA AVENSIS S/D SOL**  
Árg. '05 Ek. 25 þ.km Sgira. Nýsk. 9/05. V. kr. 2.140 þ. Áhv. 2140 þ. m/afb. 33 þ. Sk. Ódýrari.



**HYUNDAI SANTA FE**  
Árg. '05 Ek. 63 þ.km Nýsk. '03. V. 2.090 þ. Yfirt. á líni. Sk. Ódýrari.



**HYUNDAI SANTA FE 4X4 DIESEL LUX**  
Árg. '05 Ek. 31 þ.km Nýsk. 8/05. V. kr. 3190 þ. Dráttarbenli. Áhv. 3150 þús. Mán. afb. kr. 45 þús. Sk. Ódýrari.



**HYUNDAI TRAJET 7 MANNA**  
Árg. '05 Ek. 53 þ.km Nýsk. 8/05. ssk. V. kr. 2190 þ. Áhv. 2160 þ. Mán. afb. kr. 29 þ. Sk. Ódýrari.



**LAND ROVER DISCOVERY 3**  
Árg. '05 Ek. 44 þ.km Nýsk. 8/05. ssk. Dráttarbenli. V.kr. 4860 þ. Ekkert áhvílandi. Sk. Ódýrari.

## Fellihýsi

### Arftaki fellihýsanna

Lifebond Desco 400 I.  
1.299.000,- kr.

Greiddiskvæmi 259.000  
Uthærgun 275.000  
Látstæmi 20 munnlaði  
Meðulímanálaggreiddi... 16.191



Til sölu fortjald á fellihýsi, Palomino Colt 9 fet, ónotað. Blátt og hvítt að lit, keypt af Seglagerðinni /Egi, selst á 99.000 kr. Vinsamlega hafðu samband í síma 898 0109.

Til sölu Palomino Colt 2000, með sólarsellu, fortjaldi, svefntjóldum, grjótgrind, verð. 580. þús. 8685251

Til sölu Palomino Colt '04 mjög vel með farið með fortjaldi, íssk., 2 gask., rafm. upphalari. Uppl. í s. 844 9654.

## Tjaldvagnar

Til sölu Camplet concord. Í góðu standi. Árg. '92. Asett verð 200. þús. Uppl. í s. 864 1441.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásason ehf s. 552 0110.



Sliskjur f/vinnuvélar Úrval af ál-sliskjum fyrir léttar sem þungar vinnuvélar og farartæki. Burður upp í 30t ! ALORKA s. 577-3080 www.alorka.is

## Hjólbarðar



## Varahlutir

### Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bilapartar@bilapartar.is www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740**  
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahlutir í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Laus er til umsóknar staða þjónustufulltrúa á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21. Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð fjölmenningar og margbreytileika.

**Helstu verkefni eru:**

- Móttaka og símsvörun
- Skráning og afgreiðsla umsókna
- Almenn upplýsingagjöf um starfsemi Reykjavíkurborgar

**Hæfniskröfur:**

- Góð almenn menntun sem nýttist í starfi
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Rík þjónustulund og lípurð í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða reynsla í móttöku og símsvörun æskileg
- Nákvæmni og sjálfstæði í starfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Áshildur Emilsdóttir deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í síma 411-1600, netfang: [ashildur.emilsdottir@reykjavik.is](mailto:ashildur.emilsdottir@reykjavik.is)

Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21 fyrir 25. júlí nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

**Opið hús – opið hús**

**Laugarnesvegur 104,  
105 Reykjavík**

4ra herbergja endaíbúð með aukaherbergi í kjallara.

Verð: 25.000.000

Stærð: 123,6 fm.

Róbert, sími 866 3644, sýnir í kvöld  
mánudagskvöld, milli kl. 19 og 21.

# Skipta.is

## Eignir – skipti

Viltu skipta á einhverju sem þú átt og vilt eitthvað í staðinn?

Farðu á [www.skipta.is](http://www.skipta.is)  
og skráðu þína eign.

Mikil hreyfing! - Góð skipti!  
Láttu hlutina gerast og farðu á  
[www.skipta.is](http://www.skipta.is)

allt bílar

Alla laugardaga



Samtök iðnaðarinnar og SVP-Samtök verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmála á [www.s.is](http://www.s.is) - Höfundur: Hlíta Húsið SÍA

## Gerum gott úr þessu

Árlega berst mikið af prentuðum pappír inn á heimilin í landinu en kosturinn er sá að hann má endurnýta. Leggjum okkar af mörkum fyrir náttúruna og skilum honum í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til  
endurvinnslu

MONICA LEWINSKY ER 34 ÁRA Í DAG

„Ég kaus repúblikana í ár; demókratar höfðu skilið eftir óþragð í minnum.“

Monica Lewinsky er best þekkt fyrir ástarsamband sitt við Bill Clinton Bandaríkjarseta.



PETTA GERÐIST: 23. JÚLÍ 1984

# Fall fegurðardrottningar

Á þessum degi árið 1984 afsalaði hin 21 árs gamla Vanessa Williams sér titilinum Ungfrú Bandaríkin. Vanessa hafði hinn 17. september árið 1983 komist í sögubækurnar þegar hún var valin fyrsta fegurðardrottning Bandaríkjanna af afrískum uppruna.

Tíu mánuðum eftir sigur hennar í keppninni fékk hún símtal þar sem henni var tilkynnt að nektarmyndir sem teknar hefðu verið af henni væru komnar í dagsljósið. Ljósmyndarinn Tom Chiapel tók myndirnar af Vanessa og annarri stúlku árið 1982 þegar Vanessa starfaði sem aðstoð-



armaður förðunarfræðings. Héldu stúlkurnar að myndunum hefði verið eytt.

Chiapel seldi myndirnar til tímaritsins Penthouse sem tilkynnti að myndirnar yrðu birtar í septemberheftinu. Þetta þótti mikið hneyksli og þótt myndirnar þættu ekki grófar í dag varð Vanessa að afsala sér titlinum. Stúlkan sem lenti í öðru sæti, Suzette Charles, tók þá við krúnunni í þá tvo mánuði sem eftir voru af árinu, hún var einnig af afrískum uppruna.

Ferill Vanessa hefur þó gengið með ágætum en hún hóf bæði söng og leikferil. Flestir kannast við Vanessa úr hinum vinsælu þáttum Ugly Betty þar sem hún leikur Wilhelmina Slater.

MERKISATBURÐIR

- 1808 Enskt skip, Salomine, búið yfir tuttugu fallbyssum, kemur til landsins og skipshöfnin rænir fjárhirslu landsins.
- 1937 Fyrsta útvarpsleikrit Orsons Welles er frumflutt í Bandaríkjunum. Vesalingarnir eftir Victor Hugo eru fluttir.
- 1983 Tvíburarnir Guðmundur og Páll Gíslasynir í Reykjavík halda upp á áttæðisafmæli sitt, en það var einsdæmi hér á landi. Þeir voru báðir vörubíreiðastjórar.
- 1986 Andrés prins giftist Söru Fergusson í Westminster Abbey.
- 2000 Lance Armstrong sigrar í Tour de France-hjóla-keppninni í annað sinn.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Okkar ástkæra dóttir, móðir, tengdamóðir, sambyliskona, systir og amma,

**Agnes M. Jónsdóttir**

Fífuhvammí 5, 200 Kópavogi,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 11. júlí. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju, þriðjudaginn 24. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarfélög.

- |                            |                               |
|----------------------------|-------------------------------|
| Margrét A. Kristinsdóttir  | Ágústa Óskarsdóttir           |
| Bergþór Bergþórsson        | Guðný Laxdal Helgadóttir      |
| Jón Ólafur Bergþórsson     | Örnólfur Kristinn Bergþórsson |
| Kristín Birna Sævarsdóttir | Agnes Björg Bergþórsdóttir    |
| Sveinjón Jóhannesson       | Gróa Björg Jónsdóttir         |
| Guðlaug Jónsdóttir         | Nikulás Kristinn Jónsson      |
| og barnabörn.              |                               |



NÝ VERSLUN Ágústa Valdis Jónsdóttir og Stefanía Unnarsdóttir í nýrri verslun Hlíðablóma í Skipholtinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

HLÍÐABLÓM: FAGNA TUTTUGU ÁRA AFMÆLI Í ÞESSUM MÁNUÐI

# Ekki hægt að reka blómabúð án þess að selja rauðar rósir

Blómabúðin Hlíðablóm hefur staðið á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar í ein tuttugu ár en nýverið flutti hún í Skipholt 70. Jafnframt færðu eigendurnir út kvíarnar og festu kaup á blómaversluninni í Austurvei við Háaleitisbraut.

Stefanía Unnarsdóttir byrjaði að vinna í Hlíðablómum hjá mömmu sinni tvítug að aldri og heillaðist svo af starfinu að hún ákvað að kaupa buðina þegar mamma hennar fluttist erlendis. „Það er draumur margra að vinna í blómabúð og ég var heppin að fá þetta tækifæri,“ segir Stefanía.

„Við sem störfum í versluninni í dag eigum margra ára reynslu að baki,

þetta er okkar líf. Starfið er áhugavert og skapandi og erum við aldrei að gera sama hlutinn tvisar, sem gerir starfið svo skemmtilegt,“ segir Stefanía. Ekki skemmir fyrir að ein af samstarfskonum Stefaníu í versluninni er æskuvinkona hennar Ágústa Valdis Jónsdóttir. „Við höfum verið vinkonur frá sex ára aldri og hefur hún verið að vinna hjá mér alla tíð,“ segir Stefanía.

Dagurinn byrjar snemma hjá þeim stöllum því sækja þarf ný og fersk blóm á hverjum degi. Honum lýkur seint þar sem verslunin er opin til tíu á kvöldin. „Við erum hvergi nærri hættar og eigum eftir að verða gaml-

ar konur í Hlíðablómum,“ segir Stefanía og hlær. Hún segir blóm spanna vött svið og það sé gefandi að gera fállega hluti fyrir fólk, sama hvert tilefnið er.

Ekki er hægt að sleppa Stefaníu án þess að forvitnast um hvaða blóm séu í tísku um þessar mundir. „Gladíólur, liljur og orkideur eru rosalega vinsælar og eru bleikir og hvítir litir mjög áberandi,“ segir hún og bætir við að það sé alltaf að færast í aukana að fólk kaupi blóm bara fyrir sjálft sig. „Rauðu rósirnar eru samt alltaf langvinsælastar. Ekki er hægt að reka blómabúð án þess að selja rauðar rósir,“ segir Stefanía.

kristineva@frettabladid.is



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Edda Guðjónsdóttir**

Sléttuvegi 17 í Reykjavík, verður jarðsungi frá Grensáskirkju þriðjudaginn 24. júlí kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á minningarkortasjóð Krabbameinsfélagsins.

- |                                 |                            |
|---------------------------------|----------------------------|
| Guðjón Sigurðsson               | Guðný Þ. Pálsdóttir        |
| Jóhannes Sigurðsson             | Heiðrún Jónsdóttir         |
| Sigurður Logi Jóhannesson       | Daníel Sigrúnarson Hjörvar |
| Ólöf Edda Guðjónsdóttir         |                            |
| Andrés Már Jóhannesson          |                            |
| Einar Orri Guðjónsson           |                            |
| Tómas Hrafn Jóhannesson         |                            |
| Jón Hallmar Stefánsson          |                            |
| Heiðveig Björg Jóhannesson      |                            |
| Þrena Sif Danielsdóttir Hjörvar |                            |
| Steinn Guðjónsson               |                            |



**Alhliða útfararþjónusta**

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði  
Sími: 565-2566  
www.englasteinar.is



Kveðjuathöfn um

**Einar Odd Kristjánsson**

alþingismaður,

sem lést þann 14. júlí sl., verður í Hallgrímskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 25. júlí kl. 15.00. Útför hans verður gerð frá Flateyrarkirkju laugardaginn 28. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst Einars Odds er góðfúslega bent á Mariusjóðinn á Flateyri, sími 450 2560.

- |                             |                   |
|-----------------------------|-------------------|
| Sigrún Gerða Gísladóttir    | Illugi Gunnarsson |
| Brynhildur Einarssdóttir    | Dagný Arnalds     |
| Kristján Torfi Einarsson    |                   |
| Einar Arnalds Kristjánsson  |                   |
| Teitur Björn Einarsson      |                   |
| Jóhanna G. Kristjánssdóttir |                   |
| Kristján Erlingsson         |                   |
| Vigdís Erlingsdóttir        |                   |
| og fjölskyldur.             |                   |

AFMÆLISBÖRN



Guðlaugur Kristinn Arason rithöfundur er 57 ára í dag.



Kristján Arason, hjá einkabankþjónustu Kaupþings, er 46 ára í dag.



Sindri Freysson rithöfundur er 37 ára í dag.



70 ára afmæli

**Hólmfríður Jónsdóttir**

Fríða í Garðshorni verður sjötug miðvikudaginn 25. júlí. Af því tilefni er öllum vinum og ættingjum boðið í kaffi í Kirkjulundi, safnaðarheimili Keflavíkurkirkju, klukkan 16.00-19.00 á afmælisdaginn.



Frá kr. 2.790.000

## TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

# TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði\*



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

 **HYUNDAI** [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • [www.bl.is](http://www.bl.is)

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

# Garðtraktorar

Nú er tækifæri að eignast Sentinel garðtraktor á betra verði!

Úrval garðtraktora með eða án grassafnara, stærðir 12,5 - 18 hó.

**PÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI

**SENTINEL**

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

# Grilldagar

Nú eru Grilldagar hjá Shell. **20% afsláttur** af öllum grillvörum, SS pylsuprennu og ORA grillsósum.

## Grillvörur **20% afsláttur**

SS pylsuprenna **20% afsláttur**

ORA grillsósa **20% afsláttur**

Made to move 

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Skelfileg frásögn af fugli

FREYR GÍGJA GUNNARSSON GRÆTUR PÁFAGAUKINN NIKULÁS



Um daginn skrapp vinur minn í sumarbústaðinn. Sem er eiginlega ekki í frásögur færandi nema að meðan á dvöl hans þar stóð, sem var í lengra lagi, tók nágranni hans að sér að passa fuglinn fyrir hann. Átti hann að skipta um vatn hjá honum annan hvern dag og fylla á kornið. Segja nokkrum sinnum „bíbí minn“ á dag og jafnvel klappa. Þegar heim kom tók við vini mínum illa þefjandi íbúð. Páfagaukur á bak og burt. Fiður um allt gólf. Vatnsdallur fullur af páfagauksskít og tómur matardallur. Leit þar engan árangur. Nágranninn sagðist hafa sinnt honum en að vísu lagst í flensu síðustu

þrjá daga og ekki getað farið til hans. Hélt það myndi ekki koma að sök. Enda hefði hann skilið við fuglinn í góðu formi. „Hann var bæði sönglandi og fljúgandi þegar ég fór frá honum,“ sagði hann og þótti augljóslega miður að þessi sjaldgæfi páfagaukur væri á bak og burt. Vinur minn hefur oft haldið langar ræður um gáfnafar þessa ágæta fugls í matarboðum. Og talið okkur trú um að hann gæti talað. Jafnvel að hann gæti mælt frumsamdar setningar af goggi sínum sem þykir víst einsdæmi í heiminum. Fuglinn á einnig að geta sýnt hvað hann langar í hverju sinni með höfuðhreyfingum og flugi. Vin minn grunaði engu að síður nágranna sinn um græsku en

gat þó ekki fært sönnur á neitt enda hafði hann engar sannanir. Fljótlega frétti ég hins vegar af því að unglingur, sem skrifaði á blogg sínu vinkonu frænku minnar, hafði séð tvo náunga sparka nestisboxi á milli sín úti á svölum fjölbýlishúss. Taldi hann sig líka hafa heyrt agalega skræki og jafnvel séð fiður fjúka. Og ég og vinur minn förum því fram á kertagöngu – á fimm stöðum á landinu – og viljum sjá sem flestar minningargreinar um fuglinn Nikulás á moggablogginu. Að vísu hefur hvorki nestisboxið, hræið af fuglinum né sjónarvottarnir fundist. Og illvirkjarnir tveir þykjast að vísu hafa verið í Færeyjum þegar meint dráp átti sér stað. En netið – það lýgur ekki.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LÉTT  
BYLGJAN

967  
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Hún er eiginlega  
spenntari en ég.

GOTT FOLK

HANN ER SETTUR  
**11. ÁGÚST**

VERÐ FRÁ  
**2.368 KR.**

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

**SYN2**  
enski boltinn

## &gt; ENGIN NÝ LÖG

Victoria Beckham segir að engin ný lög verði tekin upp fyrir tónleikaferð Spice Girls síðar á árinu. „Við seldum 55 milljón plötur og viljum leyfa fólki að heyrja gömlu lögin,“ segir hún.



**fólk**  
folk@frettabla

## Campbell auglýsir kleinuhringi

Ofurfyrirsætan Naomi Campbell komst í fréttirnar fyrir skömmu þegar út spurðist að hún hefði samþykkt að leika í auglýsingu fyrir bandaríska kleinuhringjafyrirtækið Dunkin' Donuts. Sérstaka athygli vakti að Naomi hefði fallist á að gera grín að ímynd sinni í auglýsingunni, en fyrirsætan þykir sérstaklega skapvond og ekki er langt síðan hún var fundin sek um að hafa ráðist á aðstoðarkonu sína og var dæmd til samfélagsþjónustu. Nú er auglýsingin komin í spilun vestanhafs og sitt sýnist hverjum um ágæti hennar. Í henni má sjá Naomi standa í bleikum silkikjól og gylltum hælaskóm utan við stórt einbýl-

ishús. Hún er með skóflu í annarri hendi og ætlar sér augljóslega að fara að gróðursetja tré. Ekki vill þó betur til en svo að strax við fyrstu skóflustunguna brýtur hún hælinn af öðrum skónum og missir algjörlega stjórn á skapi sínu. Í framhaldinu sparkar hún í tré og brýtur rúðu í húsinu fyrir aftan sig með því að fleygja í hana steini. Forvitnilegt væri að vita hvort fyrrnefndri aðstoðarkonu Naomi hafi fundist auglýsingin sniðug.

**NAOMI CAMPBELL** Ofurfyrirsætan gerir grín að skapofsa sínum í nýrri auglýsingu kleinuhringjafyrirtækisins Dunkin' Donuts.



## Kennedy í annarlegu ástandi

Grínistinn og Íslandsvinurinn Jamie Kennedy mætti á tölvuleikjaráðstefnu E3 á dögunum og var með uppistand. Það hefði verið í góðu lagi ef ekki væri fyrir þá staðreynd að Jamie var í afar annarlegu ástandi með úfið hár og í fráhneptri skyrtu. Sá viðstaddir ekki betur en að Jamie væri drukinn enda nuddaði hann andlitið á sér í sífellu, hló upp úr þurru og spurði svo: „Hvar eru brandarnir mínir eiginlega?“

Uppistandið var allt hið vandræðalegasta og skánaði ekki þegar Jamie bauð hjólabrettakappann Tony Hawk velkominn í salinn en sá hefur verið að vinna að eigin tölvuleik. Jamie tók viðtal við Tony og spurningarnar voru hver annarri undarlegri. Sá síðarnefndi virtist varla vita hvort hann ætti að hlæja eða gráta og varð flóttalegrí á svipinn eftir því sem leið á viðtalið. Fyrirtækið sem framleiðir leik Tonys heitir Neversoft. Jamie varð sérstaklega tíðrætt um þá staðreynd og sagði Tony í óspurðum fréttum að sér þætti nafnið furðulegt. Myndband af framistöðu Jamies má sjá á gametrailers.com.

**JAMIE KENNEDY** Var með uppistand á tölvuleikjaráðstefnu í Bandaríkjunum þar sem hann var augljóslega drukinn.



LANDNÁMS-  
SETUR  
ÍSLANDS

**MR. SKALLAGRÍMSSON**

- höf. og leikari Benedikt Erlingsson

Sjá sýningadagatal á [www.landnamssetur.is](http://www.landnamssetur.is)

Miðapantanir í síma: 437-1600

**allt** tilboð

Alla föstudaga

# SANN LEIKUR!

Nissan Pathfinder Adventure er fullbúinn bíll\*

\* **Nissan Pathfinder ADVENTURE SE**

- 33" breyting
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Pokuljós

**4.950.000 kr.**



# Lindsay nær nýjum lægðum

Hollywoodstjarnan og vandræðagemsinn Lindsay Lohan er enn og aftur umfjöllunarefni fjölmiðla. Nú er því haldið fram að áfengismeðferð sem hún fór í hafi engan árangur borið. Lindsay hafi meira að segja neytt áfengis meðan á meðferðinni stóð.

Lindsay Lohan hélt upp á 21 árs afmæli sitt með vinum og vanda mönnum meðan hún var í áfengismeðferð. Hún fékk sérstakt leyfi frá meðferðarfulltrúum sínum til að fagna þessum merka áfanga og var sérstaklega tekið fram að hvorki áfengi né fíkniefni yrðu höfð um hönd í veislunni. Breska Heimsfréttablaðið telur sig hafa öruggar heimildir fyrir því að leikkonan hafi sjálf neytt áfengis í miklu magni í veislunni. Í kjölfarið hafi meðferðarfulltrúar hennar skipað henni að ganga með ökklaband sem skynjar þegar hún neytir áfengis.

„Lindsay sagði að veislan yrði róleg og þar myndu gestir drekka gos og borða pítur. Hún var hins vegar staðráðin í að hrynja í það sjálf og var alltaf að laumast til að blanda vodka út í Red Bull,“ segir einn gestanna í veislunni. „Það voru líka margir sem heyrðu hana spyrja hvort einhver væri með alsælu eða önnur eiturfyrir hana,“ segir gesturinn ennfremur.

Í ofanálag hefur leikkonan aftur tekið saman við vandræðagemsann Calum Best, son fótboltamannsins George Best, sem var þekktur alkóhólisti og kvennabósi. Calum hafði skömmu áður haldið framhjá Lindsay. Hann kom aftur



**DATT Í ÞAÐ Í VEISLUNNI** Lindsay Lohan fékk leyfi úr meðferð til að halda upp á afmælið sitt. Hún stalst til að drekka vín í veislunni. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

á móti færandi hendi með demantsarmband sem metið er á 1,2 milljónir króna. „Hún fyrirgaf honum allt saman. Vandamál Lindsay er að hún hreinlega elskar allt sem er slæmt fyrir hana.“

Þegar starfsfólk meðferðarheimilisins komst að því að Lohan hefði neytt áfengis í veislunni heimtaði það að hún myndi hér eftir ganga með ökklabandið sem

greinir áfengisneyslu. Að sögn vina hennar vildi Lindsay ekki að fólk kæmist að þessu og því hefur hún lýst því yfir að það hafi verið hennar ákvörðun að ganga með ökklabandið. „Hún á enn langt í land með að ná stjórn á áfengis- og fíkniefnaneyslu sinni. Sama hvað á gengur og hvað hefur komið fyrir, hún vill alltaf bara skemmta sér.“

THE SIMPSONS STÓRKOSTLEGASTA FJÖLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BÍO!

# MOVIE

**11. HVER VINNUR!**

SMS LEIKUR

**HEIMSFRUMSÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ**

**SENDU SMS JA SMF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA**

VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDR OG MARGT FLÉIRA!

Auglýsingasími

# 512 50 50

— Mest lesið



**KOMDU OG REYNSLUAKTU!**



# Blunt samdi plötu á Ibiza

Næsta plata breska popparans James Blunt, *All the Lost Souls*, kemur út 18. september. Fyrsta smáskífulagið af plötunni, 1973, er væntanlegt á öldur ljósvakans. Fékk Blunt innblásturinn að laginu þegar hann dvaldi á Ibiza við Spán þar sem hann samdi plötuna.

„Ég hafði ekki verið einn í þrjú ár. Ég hafði sofið í tónleikarútu með tólf manns. Þetta var því gott tækifæri fyrir mig til að stoppa og líta í kringum mig og sjá hvað hafði gengið á í lífi mínu og finna ró í leiðinni,“ segir Blunt. Dvaldi hann megnið af síðasta ári á Ibiza

þar sem hann jafnaði sig eftir skilnaðinn við tékknesku fyrir-sætuna Petru Nemcovu.

Fyrsta plata Blunt, *Back to Bedlam*, kom út árið 2004 í Bretlandi og ári síðar í Bandaríkjunum. Hefur hún selst í ellefu milljónum eintaka og sló lagið *You're Beautiful* rækilega í gegn. „Ég á örugglega ekki eftir að selja ellefu milljón eintök af nýju plötunni,“ sagði Blunt. „Ég á góðar minningar frá síðustu plötu en ég ætla ekki að reyna að herma eftir henni á neinn hátt.“

**JAMES BLUNT** Popparinn James Blunt gefur út nýja plötu á næstunni.



**NÝTT Í BÍÓ!**

NÝJASTA MEISTARAVERK  
QUENTIN TARANTINO'S

PESSAR 8 KONUR ERU UM ÞAÐ BIL AÐ HITTA 1 DJÓFULLEGAN MANN!

KURT RUSSELL í  
QUENTIN TARANTINO'S  
**"DEATH PROOF"**

★★★★ "HELVÍTI FLÖTTUR HÖLLUSTUEIDUR" *ESK. BLAÐIÐ*  
★★★★ "GEGGJADURSTÍLL... STERK OG BRÁÐSKEMMILEG... BARA STUÐ!" *ÞÓRARRINN ÞÓRARRINSSON, MANNLÍF*

★★★★ 16

**Harry Potter**  
AND THE ORDER OF THE PHOENIX

LÚXUS 10

**Evan Almighty** 16  
**TAXI** 14  
**DIE HARD 4.0** 14  
**YIPPEE KI YAY**

SMÁRABÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBOGINN	SÍMI 551 9000		
HARRY POTTER	kl. 3-4-6-7-9-10	16	DEATH PROOF	kl. 5.20-8-10.40	16
HARRY POTTER LUXUS	kl. 3-6-9		TAXI 4	kl. 6-8-10	14
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8-10	10	DIE HARD 4.0	kl. 5.30-8-10.40	14
DIE HARD 4.0	kl. 5-8-10.45	14	FANTASTIC FOUR 2	kl. 5.45-8-10.15	
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3				

450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ	SÍMI 530 1919	LAUGARÁSBÍÓ	SÍMI 462 3500		
DEATH PROOF	kl. 5.20-8-10.40	16	DEATH PROOF	kl. 8-10.20	16
1408	kl. 5.50-8-10.10	16	1408	kl. 8-10	16
DIE HARD 4.0	kl. 5.15-8-10.45	12	EVAN ALMIGHTY	kl. 6	
			DIE HARD 4.0	kl. 5.40	14

MIDASALA á [midi.is](http://midi.is) BÍÓJ.S

**Harry Potter**  
AND THE ORDER OF THE PHOENIX

★★★★ MORGUNBLAÐIÐ  
★★★★ RUV  
★★★★ DV  
UPPREISNIN ER HAFIN

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA
HARRY POTTER 5	kl. 2-4-5-7-8-10 10
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8 DIGITAL 10
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8 VIP 10
EVAN ALMIGHTY	kl. 2-4-6-8-10.10 L 10
BLIND DATING	kl. 8 10

SMÁRABÍÓ	AKUREYRI
HARRY POTTER 5	kl. 6-9 10
SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6 L
SHREK 3 M/ENSKU TAL	kl. 8 L

SMÁRABÍÓ	KEFLAVÍK
HARRY POTTER 5	kl. 6-9 10
SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6 L
BLIND DATING	kl. 8 L
DIE HARD 4	kl. 10 14

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STIMULIN Í SAMBANDIÐ ALFABAKKA

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

Nýjasta meistaraverk  
Quentin Tarantino's  
**"DEATH PROOF"**

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DEATH PROOF	kl. 4.50, 7.30 og 10-POWER	16
1408	kl. 8 og 10	16
EVAN ALMIGHTY	kl. 4 og 6	L
DIE HARD 4.0	kl. 7.30 og 10	14
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4 og 5.45	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

# Kate Moss flýr Doherty

Fyrirsætan Kate Moss er endanlega búin að fá nóg af Pete Doherty. Hún hefur skipt um lás á íbúðinni sinni og leitar að húsi.

Kate Moss hefur síðustu vikuna verið að leita sér að húsi í Norður-London. Fyrir á fyrirsætan glæsi-íbúð í sama hverfi en nú vill hún eignast friðsælla heimili. Það er ekki síst til að losna við fyrrum kærasta sinn, rokkarann og eiturlyfjasjúklinginn Pete Doherty, en einnig paparazzi-ljósmyndara sem sitja stöðugt um hana.

Kate fékk nóg af Pete á dögum eftir að hann hélt framhjá henni með fyrirsætu frá Suður-Afríku. „Pete er viðbjóðslegur. Hann lítur út eins og snigill því hann skilur alltaf eftir sig slóð vegna ruglsins í kringum hann,“ mun fyrirsætan hafa sagt við vinkonu sína.

Vinkonur hennar segja í viðtölum við breska fjölmiðla að sambandið sé endanlega búið, Kate vilji ekkert með Pete lengur hafa. „Okkur finnst þetta frábært. Hún hefur kvatt þennan rokkklífsstíl hans og er farin að hugsa um sjálfa sig aftur,“ sagði vinkona hennar.

BÚIÐ SPIL Kate Moss er búin að fá nóg af rokkarannum Pete Doherty. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



# Athugasemd frá Einari Bárðarsyni

Vegna fréttar í Fréttablaðinu á laugardag um raunveruleikabátt um söngflokkinn Nylon vill Einar Bárðarson umboðsmaður koma eftirfarandi á framfæri:

„Í dag birtir Fréttablaðið grein um mistök. Mistökin lágu í óleiðréttri fréttatilkynningu sem fór frá mér í vikunni vegna brotthvarfs Emilíu Óskarsdóttur úr Nylon, í framhaldinu sé búið að ákveða að framleiða sjónvarpsþætti sem sýndir verða í haust. Vegna mistaka fór út í fyrstu tilkynningunni að þættirnir yrðu sýndir á Stöð 2 og Sirkus sem var ekki rétt hjá mér en stuttu síðar var það leiðrétt.“

Klukkan 13.25 á þriðjudaginn var send út tilkynning sem endaði á fullyrðingu að Stöð 2 og Sirkus ætlaði sér að taka raunveruleikabættina til sýningar. Tilkynningin var bara send í þessu formi til dagblaðanna fjögurra. Skömmu eftir að tilkynningin fór út gerði

ég mér grein fyrir mistökunum og klukkan 15.49 sama dag var send út leiðrétting til þeirra miðla sem ég vissi að væru að vinna grein um málið. Þar sagði, sem rétt var, að Stöð 2, Sirkus og Skjár einn væru að skoða þættina með sýningu í haust í huga. Um tíuleytið um kvöldið sama dag var síðan send út almenn fréttatilkynning á miklu stærri hóp fjölmiðlamanna með fréttina í heild sinni.

Eins og kemur fram í fréttinni í morgun og kom fram í tilkynningunni hafa bæði Stöð 2, Sirkus og Skjár einn skoðað þessa þáttarhugmynd alvarlega. Þetta staðfesta bæði Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, og Björn Sigurðsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, í fréttinni í morgun. Í fréttinni er látið í veðri vaka að þessir ágætu menn komi af fjöllum, allt sé á svokölluðu „byrjendastigi“ (sem er stig sem ég kannast ekki við). Málið er þannig látið líta

torkennilega út. Þátturinn er einfaldlega í söluferli og skoðun stöðvanna. Á næstu dögum eða vikum kemur síðan í ljós hvaða sjónvarpsstöð mun sýna þáttinn.

Mistök gerast og lítið við þeim að gera en að taka á þeim ábyrgð. Það skal fúslega viðurkennast að þarna voru um mistök af minni hálfu að ræða. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég geri mistök og örugglega ekki í síðasta sinn. Ég tek fulla ábyrgð á því og bið máls-hafandi menn afsökunar. Mér fannst leiðinlegt að ekki var haft samband við mig við vinnslu greinarinnar og mér gefinn kostur á að viðurkenna mistökin.

Ég hef séð Fréttablaðið gera mistök. Ég sé Fréttablaðið leiðrétta mistökin daginn eftir. Þess vegna virði ég Fréttablaðið og framsetningu þeirra á fréttum líðandi stundar. Sá sem gerir aldrei neitt gerir aldrei mistök.“

Einar Bárðarson.

**2 fyrir 1 í bíó**

Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgar-bíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxus-sal né á íslenskar myndir.

**Landsbankinn**

# Fá hjálp frá framleiðanda Bráðavaktarinnar

Nokkrar stjórnur úr bandaríska sjónvarpsgeiranum eru væntanlegar hingað til lands í ágúst, þar sem þær munu miðla af reynslu sinni til íslensks sjónvarpsfólks á ráðstefnu á vegum fyrirtækisins MediaXchange.

Ráðstefnan ber heitið „Outside the Box“, en þar mun íslensku sjónvarpsfólki gefast tækifæri á að fá innsýn í framleiðsluferli leikins

sjónvarpsfólks í Bandaríkjunum. Björn Þórir Sigurðsson, dagskrárstjóri Skjás eins, hefur verið fyrir tækinu innan handar við skipulagningu, og hann segir ráðstefnuna frábært tækifæri fyrir íslenskt sjónvarpsfólk. „Kvikmyndasjóður Íslands er að auka fjármagn til framleiðslu sjónvarpsfólks, svo þetta er tilvalið tækifæri til að koma með smá ferskleika inn í þetta umhverfi,“ sagði hann. „Við eigum mikið af fagfólki sem vinnur við sjónvarp, en höfum kannski ekki haft tækifæri til að þjálfa okkur mikið,“ bætti hann við.



**FAGFÓLK DEILIR MEÐ SÉR** Carol Flint, sem hefur meðal annars skrifað og framleitt þætti í þáttaröðinni Bráðavaktinni, mun miðla af reynslu sinni til íslensks sjónvarpsfólks.



## MENNTUN ER MÁTTUR

**Björn Þórir Sigurðsson**, dagskrárstjóri Skjás eins, segir það frábært tækifæri að fá jafn reynt sjónvarpsfólk og **Carol Flint** og **David Zucker** hingað til lands. Íslenskt sjónvarpsfólk geti margt lært af framleiðslu Bandaríkjamanna á leiknu sjónvarpsfni.



Hingað til lands kemur til að mynda forstjóri Scott Free Productions, David Zucker, og rithöfundurinn Carol Flint, sem hefur skrifað og framleitt þætti á borð við Bráðavaktina, West Wing og The Unit.

Ráðstefnan einbeir sér að framleiðsluferli leikins sjónvarpsfólks. „Það er kannski einna helst það sem hefur vantað hjá okkur. En með auknu fjármagni opnast nýir möguleikar, og ég veit að á öllum sjónvarpsstöðvunum er áhugi á að sinna þessu,“ sagði Björn. Til

marks um það hafa sjónvarpsstöðvarnar Þrjár, Pegasus, Saga film og Kvikmyndamiðstöðin, lagst á eitt til að ráðstefnan verði að veruleika.

Björn segir Bandaríkjamenn bera af í framleiðslu slíks sjónvarpsfólks. „Hiklaust. Og Danir hafa til dæmis náð góðum árangri með því að stúdera þetta. Þeir hafa fengið þrenn alþjóðleg Emmy-verðlaun á síðustu árum. Sven Clausen, einn aðalframleiðandi þeirra, hefur til dæmis unnið með þessu fyrirtæki. Hann framleiddi Örninn, Rejse-

holdet og Krónikuna svo eitthvað sé nefnt. Hann er nýbúinn að koma hingað, og nú förum við bara beint í kúna,“ sagði hann spöskur. Ráðstefnan er opin öllum sem hafa áhuga á framleiðslu leikins sjónvarpsfólks. „Þetta er hugsað fyrir fagfólk, en þeir sem hafa áhuga á að snúa sér að skrifum á sjónvarpsfni, eru í fjölmiðlafræði eða ganga með einhverja hugmynd í maganum, eru velkomnir líka,“ sagði Björn. Ráðstefnan stendur yfir 22. til 24. ágúst.

sunna@frettabladid.is

# Veggríð Delta Bloc®

## Byggingaverktakar og framkvæmdaaðilar

Kynnið ykkur Delta Bloc® veggríðin, eina viðurkennda kerfið í steypum veggríðseiningum á Íslandi

Delta Bloc kerfið er prófað við raunverulegar aðstæður með fólks- og vörubifreiðum samkvæmt ÍST EN 1317

Opnunartími: Mán. - fös. kl. 8-18

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík  
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhelli 2, Hafnarfirði  
Hrísmýri 5, Selfossi / Leiruvogi 8, Reyðarfirði  
Sími 4 400 100 / Fax 4 400 111 / mest@mest.is / www.mest.is



– allt til bygginga

### > Frábær árangur Helgu

Hin 15 ára gamla Helga Margrét Þorsteinsdóttir náði frábærum árangri og hafnaði í 10. sæti í sjöþrautarkeppni Evrópumóts U-19 ára í frjálsum íþróttum í gær. Helga hlaut alls 5.308 stig og bætti eigin árangur um 23 stig en um er að ræða meylla-, stúlkna- og unglíngamet. Helga var aðeins 94 stigum frá Íslandsmeti Kristínar Birnu Ólafsdóttur. Þrátt fyrir að hafa bætt sig á Margrét nóg inni því hún var ekki upp á sitt besta í langstökki og spjótkastrí í gær. Hún náði hins vegar besta tímanum í 800 metra hlaupinu og bætti sinn besta árangur um rúma sekúndu. Með árangrinum í Hengelo stimplaði hún sig inn sem ein allra efnilegasta sjöþrautarkona Evrópu en hún var yngsti keppandinn í sjöþrautinni.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### HANDBOLTAMAÐURINN KRISTINN BJÖRGÚLFSSON: SPILAR Í GRIKKLANDI NÆSTA VETUR

## Ekki oft sem svona tækifæri bjóðast

Handknattleiksmaðurinn Kristinn Björgúlfsson heldur í vikunni til Grikklands þar sem hann mun spila með liði PAOK næsta vetur í úrvalsdeildinni í handbolta þar í landi. Kristinn verður þar með fyrsti Íslendingurinn til að spila í Grikklandi en handboltinn þar er á mikilli uppleið, þrátt fyrir að Kristinn viti sjálfur lítið um gæði úrvalsdeildarinnar.

„Gríska landsliðið er allavega ágætt og þeir hafa nokkra leikmenn sem spila í Þýskalandi. Ætli gríska deildin sé þá ekki svipuð þeirri þýsku að gæðum,“ sagði Kristinn í glettnum tón, en hann lék með Runar í Noregi á síðustu leiktíð. „Það hringdi í mig sænskur umboðsmaður í vor og spurði mig hvort ég væri til í að spila með grísku liði.



Þeir voru víst að leita sér að sóknjörfum miðjumanni sem getur skorað og heyrðu af mér. Ég sagði bara já,“ segir Kristinn og bætir við að hann hafi heillast af tilbóðinu eftir að hafa skoðað heildarpakkann. „PAOK endaði í 5. sæti í fyrra og markmiðið í ár er að vinna allt sem í boði er. Það er spennandi að taka þátt í því. Svo er ég líka ævintýramaður

í mér og hugsaði með mér að það er ekki oft sem svona tækifæri bjóðast. Að búa í Grikklandi í góðu veðri og spila handbolta. Það er ekki oft sem slíkt stendur til boða,“ segir Kristinn en samningur hans við félagið gildir út tímabilið.

PAOK er staðarliðið í borginni Þessalóníku þar sem búa 1,5 milljónir manna. Kristinn veit lítið um stemninguna fyrir handbolta í bænum en segir að miðað við stemninguna á fótbolta- og körfubolta-leikjunum sé hann við öllu búinn. „Ég býst við að það sé kjaffullt hús og brjáluð stemning. Ég hef spilað í Serbíu þar sem rigndi inn smápeningum og öðru dóti inn á völlinn á meðan leik stóð. Ég reikna með að það verði einhver álíka klíkkun í Grikklandi,“ segir Kristinn, en hann heldur utan á miðvikudaginn.

## Brann á toppinn

**FÓTBOLTI** Fjölmargir Íslendingar komu við sögu með liðum sínum á Norðurlöndunum um helgina. Djurgården, undir stjórn Sigurðar Jónssonar, vann 2-1 sigur á meisturum Elfsborg í sænsku úrvalsdeildinni og er í 3. sæti. Sölvi Geir Ottesen spilaði fyrstu 74 mínúturnar fyrir Djurgården. Stefán Gíslason lék allan leikinn fyrir Brøndby í Danmörku sem gerði 2-2 jafntefli við Nord-sjælland og það gerði Rúrik Gíslason sömuleiðis fyrir Viborg sem tapaði 6-0 fyrir Esbjerg. Kári Árnason spilaði fyrir AGF sem tapaði fyrir OB, 0-2.

Í norsku úrvalsdeildinni höfðu Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason í Brann góðar gætur á Veigari Páli Gunnarssyni og félögum í Stabæk. Brann vann 3-0 sigur í toppslagnum og er í efsta sæti með 29 stig en Stabæk er með 28 stig í öðru sæti eftir leikinn í gær. Jóhannes Harðarson var í byrjunarliði Start sem tapaði fyrir Aalesund, 2-1. Haraldur Freyr Guðmundsson lék allan leikinn fyrir Aalesund. Þá tapaði Lyn fyrir Sandefjord 3-1 þar sem Indriði Sigurðsson spilaði allan leikinn en Emil Hallfreðsson síðasta hálf tímán.

## Írskur sigur eftir æsilegan bráðabana

Padraig Harrington frá Írlandi vann dramatískan sigur á Opna breska meistaramótinu í golfi í gær eftir spennuþrunginn bráðabana við Spánverjann Sergio Garcia, sem fór illa að ráði sínu á lokasprettinum

**GOLF** „Ég hef aldrei misst trúna á að vinna stórmót og vissi að einn daginn myndu hlutirnir ganga upp fyrir mig. Þessi sigur skiptir mig öllu máli og það er ánægjulegt að vita til þess að í framtíðinni verður mín minnst sem sigurvegari á stórmóti,“ sagði hinn 35 ára gamli Harrington eftir mótið en hann hafði aldrei áður borið sigur úr bítum á stórmóti. Harrington hefur verið atvinnukylfingur í 12 ár og unnið 13 smærri titla á ferlinum.

Þetta var í fyrsta sinn frá árinu 1999 sem Evrópumaður sigrar á Opna breska og jafnframt í fyrsta sinn í 60 ár sem íri hampar sigri á mótinu, frá því hinn sálugi Fred Daly lék þann leik árið 1947.

Garcia, sem hafði leitt mótið frá fyrsta degi og verið með þriggja högga forystu fyrir lokadaginn í gær, fór afar illa að ráði sínu og var nokkuð frá sínu besta í gær. Hann lék hringinn á tveimur höggum yfir pari og var heppinn að komast í bráðabananann undir það síðasta.

Harrington hafði spilað frábært



**LOKSINS, LOKSINS** Padraig Harrington hafði beðið lengi eftir sigri á stórmóti. Tilfinningarnar báru hann ofurlíði eftir sigurinn og felldi hann tár eftir sigurpúttið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

golf framan af degi og hafði sigurinn í hendi sér eftir 17. holu. Hann fékk hins vegar tvöfaldan skolla á þeirri 18. og gaf Garcia gullið tækifæri til að tryggja sér sigur.

Sá spænski náði hins vegar ekki að setja niður 3 metra pútt og því þurfti að grípa til bráðabana til að ná fram sigurvegara. Það varð ljóst strax á 1. holu í

bráðabana að Harrington hafði sálfræðilega yfirburði gagnvart Garcia og náði hann strax tveggja högga forystu. Garcia hélt áfram að púttu illa á meðan Harrington spilaði af miklu öryggi á flötunum. Spánverjinn náði þó að setja nokkra pressu á Harrington á lokaholu bráðabanans en sá írski höndlaði pressuna og setti niður eins metra langt pútt fyrir sigri.

„Ég reyndi að fara ekki fram úr sjálfum mér og hugsaði aðeins um sjálfan mig. Ég reyndi að vera jákvæður eftir mistökin á 18. holu og held að það hafi skipt sköpum í bráðabanannum. Ég náði alltaf að halda ró minni,“ sagði Harrington.

Tiger Woods, sigurvegari mótsins síðustu tvö ár, lék á pari í gær og náði aldrei að blanda sér í slag efstu manna. Hann endaði í 12.-18. sæti á alls tveimur höggum undir pari. „Ég er vonsvikinn en hef samt notið þess að spila á mótinu. Teighöggin urðu mér að falli í þetta sinn,“ sagði Tiger. „Púttinn voru í góðu lagi lengst af en ég fann aldrei taktinn í upphafshöggunum.“

- vig



**SIGRINUM FAGNAÐ** Fernando Alonso var kátur með stigin 10 sem hann fékk fyrir sigurinn í Þýskalandi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Forskot Lewis Hamilton komið niður í tvö stig:

## Alonso sýndi snilli sína

**FORMÚLA** Spánverjinn Fernando Alonso sýndi og sannaði af hverju hann hefur orðið meistari í formúlu 1 síðustu tvö ár þegar hann tryggði sér sigur í Nurburgringbrautinni í gær með því að taka snilldarlega fram úr Felipe Massa þegar aðeins fimm hringir voru eftir. Alonso og Massa höfðu háð einvígi um fyrsta sætið og hafði heimsmeisterinn betur eftir framúraksturinn. Kimi Raikkön-

en féll úr leik vegna bilunar og Lewis Hamilton komst ekki í stig-asæti, en hann ræsti aftastur eftir að hafa kless bíl sínum á vegg í tímátökunum á laugardag.

Úrslitin í Þýskalandi juku spennuna í stigakeppni öku-manna og er forskot Hamilton nú komið niður í tvö stig. Hamilton hefur 70 stig en Alonso 68 stig. Massa er þriðji með 59 stig og Raikkönen hefur 52 stig. - vig

Leikmenn Barcelona komu saman á ný um helgina eftir sumarfrí:

## Eiður meiddist á annarri æfingunni

**FÓTBOLTI** Óvíst er hvort Eiður Smári Guðjohnsen verði með í för þegar Barcelona heldur til æfingabúða í Skotlandi í dag en hann meiddist á æfingu með liði sínu í gær. Þetta var aðeins önnur æfing Barcelona eftir sumarfrí og að því er fram kemur í spænskum fjölmiðlum er það vinstra hnéð sem er enn þá að angra íslenska landsliðsfyrirliðann en þar varð hann fyrir meiðslum undir lok síðasta tímabils. Eiður Smári hóf æfinguna en varð að hætta eftir nokkrar mínútur vegna sársauka. Svo gæti farið að Eiður Smári verði eftir í Barcelona til að fá bót meina sinna og fari því ekki til Skotlands.

Thierry Henry, einn af nýju mönnum í liði Barcelona, fer hins vegar með til Skotlands og mun taka þátt í æfingaleikjunum gegn Dundee og Hearts. Henry hefur ekki spilað leik frá því í mars vegna meiðsla en hann æfði af krafti með Barcelona um helgina og skiptist á bröndurum með Ronaldinho á sinni fyrstu æfingu. Frank Rijkaard, þjálfari

spænska liðsins, segir að allir leikmenn byrji á sama stað á undirbúningstímabilinu og fái þar tækifæri til að sanna sig fyrir komandi tímabil. „Enginn á öruggt sæti í liðinu. Getan er sannarlega til staðar en það verður að vera hungur á sama tíma. Nýju leikmennirnir auka samkeppnina í hópnum og það er af hinu góða,“ segir Rijkaard.

Markvörðurinn Victor Valdés var ánægður með liðið eftir fyrstu æfinguna í sumar og líst vel á þá viðbót sem Henry er fyrir sókn

liðsins. „Við höfum ótrúlega leikmenn í öllum stöðum og framlínan er sú besta í heimi.“

- vig



**BALLIÐ BYRJAD Á NÝ** Það fór vel á með Eiði Smára og þjálfaranum Frank Rijkaard á fyrstu æfingu sumarsins hjá Barcelona. Thierry Henry og Ronaldinho æfðu saman á fyrstu æfingunni og þóttu ná vel saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Demants

... kjarnaborar: 42 - 400 mm

... slípibollar: 125 og 180 mm

... sagarblöð: 125 - 800 mm

Gæði og gott verð.

**PÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



Nýtt á Íslandi



# Sparaðu smellina

Vertu beintengdur við öflugustu efnisveitu landsins.

Fréttir, veðurfréttir, Stöð2, Fréttablaðið, Bylgjan og fleira beint á skjáborðið þitt!

Vísir.is hefur í samstarfi við Microsoft Íslandi sett upp vefþjónustu (Gadget) sem tengir þig beint við efnið, án þess að opna vafrann þinn. Sparaðu smellina!



Kynntu þér málið á [www.visir.is/vista](http://www.visir.is/vista)



**vísir.is**

FRÉTTABLAÐIÐ



**SYN**

**BYLGJAN**  
989



GIOVANNI Leikstíll hans þykir minna um margt á leikstíl Ronaldinhos.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Giovanni Dos Santos:

## Verður spænskur ríkisborgari

**FÓTBOLTI** Mexíkóski sóknarmaðurinn Giovanni dos Santos hjá Barcelona er við það að hljóta spænskan ríkisborgararétt, að því er forseti félagsins Joan Laporta segir. Leikmaðurinn, sem er 18 ára, þykir gríðarlega efnilegur en hefur ekki komist inn í aðallið Barcelona til þessa vegna fjöldatakmarkana á leikmönnum utan Evrópu. Aðeins fjórir slíkir leikmenn mega vera í hópnum hverju sinni.

Líklegt má telja að Giovanni fá tækifærið með Barcelona um leið og hann er orðinn spænskur. Myndi það þýða enn harðari samkeppni fyrir Eið Smára Guðjohnsen í baráttunni um sæti í framliðu liðsins.

- vig

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Orðaður við þrjú félög í gær

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í gær enn á ný orðaður við sölu frá Barcelona til félags í ensku úrvalsdeildinni. Daily Mail og fleiri blöð segja frá því að sést hafi til Eids Smára í Manchester í síðustu viku þar sem hann skoðaði íbúðir í borginni. Þykir það gefa sterklega til kynna að hann sé á förum til meistara Manchester United eða Manchester City.

Observer, eitt af virtari blöðum Bretlands, vitnar í heimildarmann sem er náninn íslenska landsliðsfyrirliðanum og segir hann mjög áhugasaman fyrir því að fara til West Ham. Þá er einnig haft eftir heimildarmanni innan Barcelona að Eggert Magnússon og félagar hafi „þörfina og peningana til að fá Eið Smára til sín“.

Ekki náðist í Arnór Guðjohnsen, föður og umboðsmann Eids, né Eggert Skúlason, talsmann hans, í gær til að bera undir þá

Guðrún Erla Hilmarsdóttir:

## Spilar ekki meira

**FÓTBOLTI** Guðrún Erla Hilmarsdóttir, fyrirliði íslenska stúlkna-landsliðsins, mun ekki leika meira með liðinu á Evrópumóti U-19 ára landsliða. Guðrún Erla tagnaði á ökkla í leiknum gegn Danmörku á föstudagskvöld og gengur um á hækjum. Um tíma var haldið að hún væri jafnvel öklabrotin, en svo er ekki.

Íslenska liðið hefur tapað báðum leikjum sínum. Liðið leikur sinn þriðja og síðasta leik í riðlakeppninni gegn Þýskalandi í dag en þýsku stelpurnar hafa þegar tryggt sér sæti í úrslitakeppni.

- vig

# Dreymir um að komast á ÓL í Peking

Suður-afríski spretthlauparinn Oscar Pistorius á þann draum heitastan að keppa á Ólympíuleikunum. Á hann vantar hins vegar báða fætur fyrir neðan hné og því hleypur hann um á sérhönnuðum gervihlaupafótum frá Össuri. IAAF kannar nú hvort leyfa eigi Pistorius að keppa með ófötluðum hlaupurum.

**FRJÁLSAR** „Ég lít ekki á mig sem fatlaðan einstakling. Það er ekkert sem ófatlaðir geta sem ég get ekki gert,“ segir hinn 20 ára gamli Pistorius, sem haft hefur mikla yfirburði í sínum flokki á meðal fatlaðra síðustu misseri og meðal annars sett 26 heimsmet í 100, 200 og 400 metra hlaupi. Pistorius telur sig eiga mesta möguleika á að ná árangri á meðal almennra hlaupara í 400 metra vegalengdinni og hefur því lagt mesta áherslu á hana.

Báðir fætur Pistorius voru fjarlægðir þegar hann var 11 mánaða gamall vegna fæðingargalla sem ollu því að kálfbæin hans uxu ekki rétt. Alla sína ævi hefur hann því stuðst við gerviútlími og á frjálssíþróttavellinum hleypur hann um á sérhönnuðum hlaupafótum frá Össuri sem vegna lögunar sinnar eru gjarnan kenndir við „Cheeta“, eða blettatíg.

Pistorius hefur síðustu vikur barist fyrir leyfi frá Alþjóða frjálssíþróttasambandinu, IAAF, til að keppa á Ólympíuleikunum í Peking á næsta ári. Það hefur tekið hann langan tíma að fá

hljómgrunn inann IAAF en á síðustu vikum hefur heldur verið að rofa til og í síðustu viku mættu sérfræðingar á vegum sambandsins til Rómar og sáu Pistorius keppa í almennu 400 metra hlaupi. Þar voru allar hans hreyfingar og tækni rannsakadar ítarlega með það að markmiði að sjá hvort hann njóti einhvers forskots umfram ófatlaðra hlaupara.

Pistorius kom síðastur í mark í hlaupinu á 47,65 sekúndum en vegna þess að hann hljóp út fyrir brautina var tími hans ekki tekinn gildur. Athygli vakti að Pistorius mældist hraðari á síðari 200 metrum hlaupsins en þeim fyrri, sem þykir afar óvenjulegt. Þykir það ýta undir vangaveltur um að Pistorius eigi auðveldara en aðrir með að halda út heilt hlaup á svipuðum hraða og þreytist síður í fótunum. Sjálfur segist Pistorius ekki í neinum vafa; hann hafi alls ekki forskot á ófatlaða og þvert á móti mun aldrei verða til gerviútlími sem sé „betri“ en hinn náttúrulegi fótur. „Ef hlaupafæturnir veita mér eitthvert forskot, af hverju hafa þeir sem glíma við sömu fötlun og ég ekki sama forskot?“ segir Pistorius og vísar þannig í ótvíræða yfirburði sína í spretthlaupum þeirra sem vantar á báða fætur. Félagasamtök sem tengjast íþróttum fatlaðra hafa gagnrýnt IAAF harðlega fyrir afstöðu sína í málinu og hafa lýst því yfir að sambandið hafi forðoma gagnvart fötluðum íþróttamönnum. Talsmenn IAAF vísa því algjörlega á bug.

„Þetta er ekki eins einfalt og Pistorius vill láta. Hlaupafæturnir eru hannaðir til að gera hann fljótan. Við óttumst að hann komist í aðstæður líkt og í formúlu 1 þar sem hann fer einfaldlega til framleiðanda síns og segir: „Gerðu mig hraðari.“ Það þarf að kanna allar hliðar málsins áður en hann fær

### Fær Pistorius að keppa í almennum flokki?



Oscar Pistorius, sem hleypur á tveimur gerviútlímum, gerðum úr kolefnistrefjum, hefur hug á að keppa á meðal þeirra sem glíma ekki við fötlun. Alþjóða frjálssíþróttasambandið rannsakar hvort gervilímirnir veiti Pistorius ósanngjarn forskot.

#### Venjulegir fætur í samanburði við fætur Pistorius

##### 1. Fótur lendir á jörðu

Venjulegur hlaupari reynir á alla vöðva fótisins og dreifir orkutapi

2. Spyrnustaða  
Áreynslan á kálfa nær hámarki. Allir fótavöðvar eru undir álagi.

##### 3. Ræsing:

Spyrnan frá jörðu krefst mikillar orku

Samanburður á metum

Keppni	400m	200m	100m
ÓL 2004, gull í kvk.flokki	44.00	19.79	9.85
Besti árangur Pistorius	46.34	21.58	10.91
ÓL 2004, gull í kvk.flokki	49.41	22.05	10.93

© GRAPHIC NEWS



Á SAMNING HJÁ ÖSSURI Pistorius er hluti af hinu svokallaða „Team Össur“ liði, sem í eru fatlaðir íþróttamenn í fremstu röð sem íslenska stoðtækjafyrirtækið Össur styrkir. Hér sést hann ásamt forstjóra Össurar, Jóni Sigurðssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

David Beckham spilaði sinn fyrsta leik með LA Galaxy gegn Chelsea í gær:

## Beckham hræður yfir viðtökunum

**FÓTBOLTI** David Beckham spilaði síðustu 12 mínúturnar þegar Chelsea lagði LA Galaxy af velli í æfingaleik í Los Angeles í gær. John Terry skoraði eina markið í leik sem þótti ekki mikið fyrir augað. 27 þúsund áhorfendur á Home Depot vellinum í LA hylltu Beckham þegar hann kom inn á og í hvert sinn sem hann snerti boltann var honum ákaft fagnað.

„Þetta var yndislegt og ég er stoltur og hræður yfir þeim viðtökum sem ég fékk. Andrúmsloftið var engu líkt,“ sagði Beckham eftir leikinn.

Beckham var ekki mikið í boltanum þann tíma sem hann spilaði og sagðist hann ekki hafa verið leikfær. „Ökklinn er bólginn og ég hef ekki æft í nokkrar vikur. En ég vildi hins vegar taka þátt í þessum leik,“ sagði hann.

Jose Mourinho sagði frammistöðu Galaxy hafa komið sér á óvart. „Þeir veittu okkur virkilega harða keppni og ég held að leikmennirnir hafi viljað sýna Beckham að liðið er gott.“

- vig



### FYRSTI LEIKUR BECKHAM

David Beckham var hyltur þegar hann kom inn á völlinn. Eiginkona hans Victoria var að sjálfsgöðu á meðal áhorfenda og sat hún við hlið leikkonunnar Evu Longoríu. Fjölmiðlar sýndu Beckham gríðarlegan áhuga á meðan leiknum stóð.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Freddie Ljungberg Sést hér í baráttu við Pétur Marteinnsson í landsleik Svía og Íslendinga.

West Ham styrkir sig:

## Eggert kaupir Ljungberg

**FÓTBOLTI** Svænski landsliðsmaðurinn Freddie Ljungberg hefur skrifað undir samning við Íslendingaliði West Ham og mun Eggert Magnússon hafa pungað út þremur milljónum punda fyrir svænska landsliðsmanninn.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hafði tilkynnt Ljungberg að hann væri ekki inni í framtíðaráætlunum sínum með liðið. Eggert var ekki lengi að hafa samband við svænska miðjumanninn enda ljóst að hann mun reynast West Ham umtalsverður liðstyrkur.

- vig

16 Ekki við hant yngri en 16 ára

SMS LEIKUR

QUENTIN TARANTINO'S "DEATH PROOF"

9. HVER VINNUR

SENDU SMS JA DPF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVÖ! FLOTTIR AUKAVINNINGAR Í BODI!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klább. 99 kr/skeytið.

X 977

Samkenndin er ótrúlega sterk enda mjög margir sem eiga von á sér.

©OTT.FOLK

HANN ER SETTUR  
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ  
2.368 KR.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

**SYN2**  
enski boltinn

## Tara Reid

Tara hóf feril sinn í barnþætti sex ára gömul. Jafnframt lék hún í fjölda auglýsinga, meðal annars fyrir McDonalds og Crayon. Tara ólst upp í New York-borg og gekk í skólann Professional Children's School ásamt leikurum Christina Ricci, Jerry O'Connell, Sarah Michelle Gellar og Macaulay Culkin. Tara vakti fyrst athygli þegar hún tálkaði Bunny Lebowski í gamanmyndinni The Big Lebowski. Hún leikur í myndinni My Boss's Daughter á Stöð 2 Bíó kl. 14.00.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON BLAÐAÐI Í ORÐABÓK

### Nöldurseggur hefði átt að keppa

Umsjónarmenn fréttastofu Sjónvarps hafa tekið upp þann sið að flytja okkur landsmönnum góðar fréttir á hverju einasta kvöldi. Það er nýlunda. Fréttir fjalla sjaldnast um það sem er jákvætt. Þó má fullyrða að þó að fréttin sé góð eða skemmtileg þá geti hún engu að síður greint frá einhverju sem er sorglega vitlaust. Svo vildi til í liðinni viku að greint var frá samkeppni um hvert sé fegursta orð íslenskrar tungu.

Forkeppni hefur farið fram og tólf orða úrslita-keppni stendur yfir. Orðið ljósmóðir leiðir mótið eins og stendur en í humátt á eftir kemur kærleikur. Lestina rekur hið undurfagra orð undur. Dalalæða er um miðja deild og vírdist ekki líklegt til árangurs. Furðu vekur að orðið gleym-mér-ei nær litlum árangri þrátt fyrir frumlega leikaðferð.

Því er ekki að neita að orðið mismunun kemur upp í hugann þegar fylgst er með keppninni. Fengu öll að



vera með? Hvað um orð eins og íðvandur, klásúla, deplhimna eða pentudúkur. Og hvers eiga orðin pestbjúgur, skeggbolli og keisarakróna að gjalda? Komu þau til álíta? Ég veit það ekki. Efast um það stórlega. Eins og venjulega kemur orð eins og kvenremba ekki við sögu. Það er aldrei notað á Íslandi, þó oft sé full ástæða til.

Ég hef ákveðið að halda mína eigin keppni til að fleiri orð fái að vera með. Þjóðin fær að velja orð sem lýsir mér best. Foreldrar mínir og systkini hafa nú þegar valið fjögur af sex orðum sem keppa munu til úrslita. Það eru orðin skítbuxi, snemmbeyttur, hyskinn og krokulegur. Kæranast mín fékk að velja tvö orð. Þau þurfa lesendur sem ætla að taka þátt að fá send í tölvupósti (fyrirmæli ritstjóra).

En eins og alltaf þá mun ég eiga síðasta orðið. Í þetta skiptið er það orðið nöldurseggur.

## EKKI MISSA AF



► **22.05** Saved STÖÐ 2



► **00.00** Garden State STÖÐ 2 BÍÓ



► **21.15** Smallville SIRKUS



► **22.50** Everybody Loves Raymond SKJÁREINN



► **21.15** í nafni réttlætis SJÓN-  
VARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós  
**17.50** Táknmálfréttir  
**18.00** Myndasafnið  
**18.01** Gurra grís (32:36)  
**18.06** Lítil prinsessa (23:30)  
**18.16** Halli og risaeðlufatan (19:26)  
**18.30** Vinkonur (44:52)  
**19.00** Fréttir  
**19.30** Veður  
**19.35** Kastljós

**20.05 Svart kaffi - Hinn fullkomni bolli** (3:3) (Black Coffee) Kanadísk heimildarmyndaröð um kaffi og sögu þess. Frá því að kaffið var uppgötvað í Eþíópíu hefur það sett mark sitt á efnahag, stjórnmál og þjóðfélagsgerð víða um lönd. Í þessum þætti er fjallað um það skeið sem sumir sérfræðingar kalla rómantísku kaffiöldina. Þá uppgötvuðu Norður-Ameríkubúar það sem Evrópu-menn höfðu vitað lengi; að aðeins gæðakaffi er þess virði að það sé drukkið og það er helst að finna í vinalegu andrúmslofti kaffihúsanna.

► **21.15 Í nafni réttlætis** (3:13) (In Justice) Bandarísk þáttaröð um lögræðinga sem vinna að því að fullnægja réttlætinu fyrir fólk sem hefur verið fangelsað saklaust. Meðal leikenda eru Jason O'Mara, Kyle MacLachlan, Constance Zimmer, Daniel Cosgrove og Marisol Nichols.

**22.00** Tíufréttir  
**22.25** Anna Pihl (6:10)  
**23.10** Út og suður (8:16) e.  
**23.40** Kastljós  
**00.05** Dagskrárlök

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20** Malibu's Most Wanted  
**08.00** Monsieur N  
**10.05** My Boss's Daughter  
**12.00** The prince and me  
**14.00** My Boss's Daughter  
**16.00** The prince and me  
**18.00** Monsieur N  
**20.05** Malibu's Most Wanted Glæpamynd á lauffléttum nótum. Brad Cluckman er rappari í Malibu. Aðalhlutverk. Jamie Kennedy, Taye Diggs, Anthony Anderson.  
**22.00** Bad Apple  
► **00.00** Garden State  
**02.00** Firestorm  
**04.00** Bad Apple



**07.00** BeyBlade  
**07.25** Lítlum Tommi og Jenni  
**07.45** Kalli litli kanína og vinir  
**08.10** Oprah  
**08.55** Í finu formi 2005  
**09.10** Bold and the Beautiful  
**09.30** Forboðin fegurð (96.114)  
**10.15** Grey's Anatomy (19.25)  
**11.05** Fresh Prince of Bel Air (17.24)  
**11.30** Outdoor Outtakes (10.13)  
**12.00** Hádegisfréttir  
**12.45** Nágrannar  
**13.10** Sisters (20.24)  
**14.00** Extreme Makeover (9.23)  
**14.45** Man's Work (5.15)  
**15.10** Punk'd (8.16)  
**15.50** S Club 7 (e)  
**16.13** Galdrastelpurnar (17.26)  
**16.38** Batman  
**16.58** Froskafjör  
**17.03** Hjólagerið  
**17.28** Bold and the Beautiful  
**17.53** Nágrannar  
**18.18** Ísland í dag og veður  
**18.30** Fréttir  
**18.55** Ísland í dag, íþróttir og veð  
**19.40** The Simpsons (22.22)

**20.05** Heima hjá Jamie Oliver (2.13) Jamie eldar úr ferskum baunum úr garðinum og sýnir áhorfendum hversu auðvelt er að rækta baunir.  
**20.35** Men In Trees (6.17)  
**21.20** Pirate Master (8.14)  
► **22.05** Saved (9.13)  
**22.50** Undeclared Átakanleg kvikmynd með John Leguizamo í aðalhlutverki. Myndin segir frá hnefaleikamanni sem berst við að halda í gamla lífið þegar frægðin virðist ætla að rífa hann með sér. Aðalhlutverk John Leguizamo, Clifton Collins, Jr., Vanessa Ferlito. Leikstjóri John Leguizamo. 2003.

**00.20** The 4400 (2.13)  
**01.05** Las Vegas (13.17)  
**01.50** Young Adam  
**03.25** Only the strong survive  
**05.00** The Simpsons (22.22)  
**05.25** Fréttir og Ísland í dag  
**06.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

## SIRKUS TV

**18.00** Insider  
**18.30** Fréttir  
**19.00** Ísland í dag  
**19.35** Entertainment Tonight  
**20.00** Jake In Progress 2 (4.8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólk er rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar málunum. Vandamálin eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á mynd viðskiptavinanna. Mitt í amstri dagsins gleymir hann hinsvegar að hugsa um sjálfan sig en hann er hreint ekki barnanna bestur þegar kemur að einkalífnum.

**20.25** True Hollywood Stories (4.8)  
► **21.15** Smallville (2.22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmenn á unglingsárunum. Í Smallville býr unglungurinn Clark Kent. Hann er þróðinn og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Lendir hann í ýmsum vandræðum á sama tíma og hann er að uppgötva sinn rétta styrk. Leyfð öllum aldursþópum.

**22.00** Monk NÝTT (1.16) Fyrrum rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórma honum ennþá og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. Monk hefur þó engu gleymt þegar kemur að því að leysa flókin glæpamál.

**22.45** The 4400 (2.13) Ein af hinum 4400 þráir að deyja en tilraun hennar til sjálfsmorðs misheppnast þegar hún gengur ómeidd frá því að stökkva af risastóri byggingu. Verður þetta til þess að hún skipti um skoðun? 2006.

**23.30** Joan of Arcadia (15.22) (e)  
**00.15** Entertainment Tonight (e)  
**00.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15** N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45** Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35** Everybody Loves Raymond (e)  
**08.00** Dr. Phil (e)  
**08.45** Vörutorg  
**09.45** Óstöðvandi tónlist  
**16.15** Vörutorg  
**17.15** How Clean is Your House? (e)  
**17.45** All of Us (e)

**18.15** Dr. Phil Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpsálfraeðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólk að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja fráberar sögur og gefa góð ráð.

**19.00** Everybody Loves Raymond (e) Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna

**19.30** According to Jim (e) Bandarísk gamanseria með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim og Cheryl lenda í rifrildi vegna atviks sem átti sér stað fyrir áratug og Jim ætlar að sanna að hann hafi rétt fyrir sér.

**20.00** Greatest Dishes in the World (2.5) Bresk þáttaröð þar sem kunnir matgæðingar leita að ljúfengustu réttum í heimi. Nokkrir af færustu matreiðslumeisturum heims keppast við að heilla dómnefndina, tvo frægustu matargagnrýnendur Bretlands, með gömsætum réttum sem gerðir eru úr besta hráefni sem finnst. Að þessu sinni verða bormir fram sjávarréttir sem kítla bragðlaukana.

**21.00** Runaway (6.9) Bandarísk spennuseria um fjölskylduföður á flotta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Henry tekur áhættu til að hitta kærustu sína og Paul fer aftur til Chicago til að finna manninn sem getur sannað sakleysi hans.

**22.00** Law & Order Bandarískur þáttur um stórf rannsóknarlögreglumanna og sak-sóknara í New York. Briscoe og Green rannsaka andlát ungs sonar frægs gínista sem féll út um glugga á hóteli.

► **22.50** Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna

**23.15** Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

**00.05** Nora Roberts Collection - Montana Sky (e)

**01.35** The L Word (e)

**02.25** Vörutorg

**03.25** Óstöðvandi tónlist

Prófaðu ljúffenga ýsurétti á tilboði.

Tilboðið gildir út vikuna.

Ýsa í Toscanasósu.

Ýsa í Humarkoníakssósu.

Ýsa í Karrykóríandersósu.

Tilboðsverð aðeins  
**1.190.-** kr/kg



Ævintýralegar sælkerabúðir

Sælkerabúðir Galleri kjöts og Fiskisögu: Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1, Grensásvegur 48  
Sælkerabúðir Fiskisögu: Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100 Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi

## Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05  
Heima hjá Jamie Oliver

Jamie Oliver er snúinn aftur og er nú á heimavelli. Hann mun sýna hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og mun meðal annars nota ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum. Í þætti kvöldsins eldar Jamie úr ferskum baunum og sýnir áhorfendum hversu auðvelt er að rækta baunirnar í garðinum heima.

▶ VIÐ MÆLUM MED **Great-est Dishes In The World**  
Skjár einn kl. 20.00

Bresk þáttaröð þar sem kunnir matgæðingar leita að ljúffengustu réttum í heimi. Nokkrir af færustu matreiðslumeisturum heims keppast við að heilla dómnemfdina, tvo frægustu matargagnrýnendur Bretlands, með gómsætum réttum sem gerðir eru úr besta hráefni sem finnst. Að þessu sinni verða bornir fram sjávarréttir sem kitta bragðlaukana.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
09.05 Laufskálinn	17.03 Víðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.13 Stefnumót	18.24 Auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.25 Spegillinn
12.00 Fréttayfirlit	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
12.03 Hádegisútlarp	19.00 Á sumarvegi
12.20 Hádegisfréttir	19.40 Sumarsaga: Borgin við sundið
12.45 Veðurfregnir	20.00 Sumarsalat
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	21.00 Framtíð lýðræðis
13.00 Sakamálaheitið	21.55 Orð kvöldsins
13.15 Á sumarvegi	22.15 Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons
14.03 Útlarpssagan: Hótel Kalifornía	22.45 Kvöldtónar
14.30 Miðdegistónar	23.10 Úlfaldar og myflugur
15.03 Grannar okkar	00.10 Útlarpáð á samtengdum rásum til morguns
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SYN

- 18.00 Gillette World Sport 2007**  
**18.30 Formula One Behind-the-Scenes** (Chasing The Dream) Hvað gerist á bakvið tjöldin í Formúlu 1 kappasktrinum?  
**19.20 Sumarmótin 2007** (Síamótið)  
**19.50 Augusta Masters Official Film** (Augusta Masters Official Film - 1960) Í þessum þætti verður mótið árið 1989 tekið fyrir en þá sigraði Íslandsvinurinn Nick Faldo.  
**20.50 Toyota-mótaröðin í golfi**  
**22.20 Birgir Leifur** Áhugaverður þáttur um þann íslenska kyfling sem náð hefur lengst í Íþróttinni. Sýn fylgdi honum eftir á móti í Austurríki á Evrópumótaröðinni en sem kunnugt er varð Birgir Leifur Hafþórsson fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna sér þáttökurétt á Evrópumótaröð karla.  
**22.50 Stjörngolf 2007** Þáttur um íslenskt golfmót sem kallast Stjörngolf og haldið er til styrktar góðgerðamálum. Ýmsir góðkunningjar þjóðarinnar leika golf með misgóðum árangri.  
**23.25 Heimsmótaröðin í Póker 2006** Póker æði hefur gengið yfir heiminn að undanförmu.

## BBC PRIME

00.00 Himalaya with Michael Palin 01.00 Secrets of Lost Empires 02.00 Ray Mears' Bushcraft 03.00 Passport to the Sun 03.30 Balamory 03.50 Tweenies 04.10 Big Cook Little Cook 04.30 TikkaBilla 05.00 Boogie Beebies 05.15 Tweenies 05.35 Balamory 05.55 Big Cook Little Cook 06.15 Come Outside 06.30 Andy Pandý 06.35 Teletubbies 07.00 House Invaders 07.30 The Monastery 08.30 Passport to the Sun 09.00 Garden Challenge 09.30 Big Cat Diary 10.00 Big Cat Diary 10.30 Keeping Up Appearances 11.00 As Time Goes By 11.30 My Family 12.00 Hetty Wainthropp Investigates 13.00 Waking the Dead 14.00 House Invaders 14.30 Get a New Life 15.30 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Home Front 18.00 Waking the Dead 19.00 Love Soup 20.00 Absolute Power 20.30 French and Saunders 21.00 Waking the Dead 22.00 Keeping Up Appearances 22.30 Love Soup 23.30 As Time Goes By

## DR 1

05.30 Home things 05.35 Anton 05.40 Byggjamað Bob 05.45 Tagkammerater 06.00 SommerSummerum 07.35 Yu-Gi-Oh! 11.05 Vildmark 11.35 Søren Ryge - Sommerhaven 12.05 Dawsons Creek 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Hjerteflimmer Classic 13.30 SommerSummerum 15.05 Trøldomsæksen 15.30 Peter Pedal 15.59 Når elefantungen stadigvæk er drønforkælet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Sommervejret 17.05 Miss Marple 18.00 Hammerslag 18.30 Forsvundne danskere 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret på DR1 19.40 Aftenour 2007 20.05 En ny chance 21.35 Seinfeld 22.00 Dinas Dates 22.30 Savannens lov

## NK1

6.00 Bevare meg vel 6.15 Postmann Pat 6.30 Noahs dyrebare øy 7.05 Gjengen på taket 7.10 De tre vennene og Jerry 7.35 Trollz 8.00 Totalt genialt! 8.25 Med hjertet på rette staden 9.10 Jukeboks: Norge rundt 10.00 Jukeboks: Du skal høre mye 11.00 Jukeboks: Country 12.00 Jukeboks: Vitenskap 13.30 The Tribe - Den nye morgendagen 13.55 Lyoko 14.20 Norske filmminner 15.35 Tid for tegn 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Postmann Pat 16.15 Vennene på Solflakken 16.30 Jeg og sjiraffene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Et liv med hiv 18.30 Faktor: Lærning i kamp 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 20.00 Vinbaronen 20.45 Verdensarven 21.00 Kveldsnytt 21.15 Norge i dag 21.25 Requiem for a falling star 22.35 Valkyrien møter haugafolket

## SVT 1

04.00 Gomorron Sverige 07.15 Hej hej sommar 07.16 Tintin 07.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 12.20 Ung man söker sällskap 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Melita möter 15.30 Expedition, Familjeliv 16.00 Sagoboken 16.10 Storasyster och lillebror 16.15 Räkna med skägg 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Sommartorpet 18.30 En Noman i Pakistan 19.00 Foyle's War 20.35 Bergen - Kirkenes t/r 21.05 Rapport 21.15 Vita huset 22.00 Sändningar från SVT24



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

# Njóttu dagsins - taktu flugið



## Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is



„Ég hlusta á Guns'n Roses, Red Hot Chili Peppers og Justin Timberlake. Stundum hlusta ég á útvarpið, en ef það er eitthvað væmið þá skipti ég um stöð.“

Lilja Marteinsdóttir, blómaskreytari, stílisti og garðyrkjufræðingur.

# Brynja Björk á ævintýraslóðum í Perú

„Við lentum hérna 7. júlí og förum 28. til New York,“ segir Brynja Björk Garðarsdóttir, blaðamaður á Mannlífi og fyrrum þáttastjórnandi á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Ólíkt þeirri ímynd sem var kynnt í sjónvarpsþættinum fræga um næturlið í Reykjavík er Brynja fjarri öllum skarkala borgarlífsins. Hún er nefnilega í Perú og var stödd í litlum bæ sem heitir Olliantaytambo ásamt kærastanum sínum, leikstjóranum Guðjóni Jónssyni og fjölskyldu hans. „Um leið og við lentum förum við til Amazon-skóganna og vorum þar í nokkra daga en héldum síðan upp í Andesfjöllin,“ segir Brynja en dvölun í frumskógum Suður-Ameríku dró dílk á eftir sér því í fjögur þúsund metra

hæð veiktist Guðjón heiftarlega. „Hann fékk einhverja moskítóflensu og alveg hrikalega háan hita. Þetta var alveg skelfilegt en honum er eitthvað að líða betur. Við erum því á leiðinni til Cusco og ætlum að fá sýklalyf þar,“ segir Brynja. Ferðalag hersingarinnar er ævintýrum blandið en þau hafa gíst í tjöldum í bæði Amazon-skógunum og Andesfjöllunum. Brynja tekur þó skýrt fram að þau fái einnig tækifæri til að láta þreytuna líða úr sér á hótélum. Að sögn Brynju fékk hún hálfgerð menningarsjokk þegar hún kom til þessa fátæka lands. „Ég hef aldrei séð fólk lifa svona fábrotnu lífi eins og hérna í Andesfjöllunum. Hérna hafa krakkarnir varla séð sjónvarp og við leyfðum

þeim að hlusta á iPodinn okkar sem þeim þótti mikið tækniundur,“ segir Brynja. Að sögn Brynju er veðurfarið uppi í fjöllum ekkert ólíkt því sem gerist á Íslandi. En þrátt fyrir að þau hafi verið vel búin íslenskum fatnaði dugði það ekki til gegn kuldanum í háloftunum. „Við vorum voðalega kokhraust og héldum að þetta væri nú ekki verra en íslensk útilega. Eftir eina nótt neyddumst við hins vegar til að kaupa okkur bæði ullarpeysur, vettlinga, húfur og síðar nærbrækur,“ segir Brynja.

**VEIKTIST HEIFTARLEGA** Guðjón Jónsson leikstjóri veiktist heiftarlega í ferðinni og fékk háan hita. Hann ku þó vera á batavegi.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**  
2. bættu við 6. bardagi 8. sjór 9. pfn. 11. tveir eins 12. framan á höfði hests 14. laust bit 16. skammstöfun 17. hamfletta 18. hress 20. bor 21. sjá eftir.

**LÓÐRÉTT**  
1. afkvæmi húsdýrs 3. kringum 4. borðflaska 5. dýrahljóð 7. tepur 10. hlaup 13. gras 15. andi 16. þögn 19. númer.

**LAUSN**

**LÖBTRÉTT:** 1. lamb, 3. um, 4. karalla, 5. urf, 7. tilgerð, 10. gæl, 13. sef, 15. flá, 18. ern, 20. al, 21. tóra.

**LÁRÉTT:** 2. juku, 6. at, 8. mar, 9. mig, 11. r, 12. blesa, 14. gæls, 16. þe, 17.

**VEISTU SVARID**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Benecio del Toro
2. Ólaf Jóhann Sigurðsson
3. Pratibhla Patil

Auglýsingasími  
**512 50 50**  
- Mest lesið

*Weislusetrið*

**Erfidrykkjur**  
Smurt brauð  
Kaffihlaðborð

*Weislupjónusta*  
*Weislusalur*

Borgartúni 6  
S. 699-1653 • 517-0102

ÓTTAR GUÐNASON: STOPPING POWER LOKSINS FARIN AF STAÐ

## Var alveg biðarinnar virði

„Það verður búið að skreyta Laugavegin þegar ég kem heim,“ segir kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason. Hann er nú loksins kominn til Berlínar þar sem undirbúningur fyrir hasarmyndina Stopping Power verði kominn á fullt. Leikstjóri myndarinnar er enginn annar en hinn hollenski Jan de Bont sem sjálfur hóf feril sinn í kvikmyndatökustöðunum.

Þótt enn sé rúmur mánuður þar til eiginlegar tókur hefjast hefur Óttar nóg fyrir stafni. Samkvæmt kvikmyndatímamarkinu Variety hyggst de Bont tjalda öllu til og hefur Stopping Power verið lýst sem „51 mínútu eltingarleik þar sem bílar, einkabotur, orrustubotur og þyrlur koma við sögu.“ svo vitnað sé í kvikmyndabíblíuna Variety. Óttar getur að einhverju leyti tekið undir þessi orð og viðurkennir að hann sé með fiðring í maganum. „Þetta er alveg gríðarleg áskorun fyrir mig en um leið ákaflega spennandi,“ segir Óttar og bætir því við að í ljósi fortíðar de Bont sem kvikmyndatökumanns sé eilítið meiri pressa á hann að standa sig. Kvikmyndatökumaðurinn segist þó vera hvergi banginn þótt hann eigi eftir að vera á fleygiferð á lofti og láði enda sé de Bont búinn að velja í kringum sig marga af fremstu áhættuleikstjórum heims. „Þetta verður allt eins öruggt og hugsast getur.“

Stórleikarinn John Cusack er eini leikarinn hingað til sem staðfest hefur verið að leiki í myndinni. Hann mun fara með hlutverk venjulegs fjölskylduföður sem verður fyrir því að húsbílum hans er rænt í miðborg Berlínar með dóttur hans innanborðs. Tvö önnur stórnöfn hafa verið nefnd í tengslum við myndina en Óttar vildi lítið tjá sig um það mál.

Meira en ár er liðið síðan Óttar var ráðinn til verksins en síðan var myndinni frestað um óákveð-



ÓTTAR Kvikmyndatökumaðurinn verður á fleygiferð nánast allan tímann enda hefur myndinni verið lýst sem 51 mínútu löngum eltingarleik.

**TÖKUMAÐUR Í LEIKSTJÓRASTÓLINN**

**Helstu kvikmyndir Jan de Bont**  
Kvikmyndatökumaður:  
Leathal Weapon 3  
Basic Instinct  
The Hunt for Red October  
Die Hard  
Jewell of Nile

**Leikstjóri:**  
Laura Croft Tom Raider: Cradle of Life  
Twister  
Speed



JAN DE BONT

inn tíma. Kvikmyndatökumaðurinn sagðist vera feginn að boltinn skyldi vera farinn að rúlla. „Maður hefur verið með þetta

aftan í hnakkanum allan þennan tíma og nú bíður maður bara eftir því að komast í girinn af fullum krafti.“

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Athafnamaðurinn **Arnar Þór Vigfússon** og fyrrum sjónvarpskonan **Marikó Margrét**

**Ragnarsdóttir** gengu í hjónaband á laugardag. Þau voru gefin saman af föður brúðgumans, séra **Vigfúsi Þór Arnasyni**, í Grafarvogskirkju í fallegri athöfn. Að hjónavígslunni lokinni var blásið til glæsilegrar veislu í Valhöll á Þingvöllum.

Veislan á Þingvöllum þótti einstaklega vel heppnuð, bæði hvað skemmtiatriði og ræður gesta varðaði. Þeir



**Helgi Eysteinnsson**, æskuvinur Arna, og **Helgi Hermannsson**, samstarfsmaður hans til margra ára, héldu sérstaklega myndarlegar ræður og gerðu þeir óspart grín að vini sínum. **Jóhann Friðrik Valdimarsson** söng í veislunni og **Raggi Bjarna** var leynigestur. Hljómsveitin Buff lék svo fyrir dansi.

Meðal gesta voru **Kristján Ra. Kristjánsson**, **Guðlaugur Þór Þórðarson** heilbrigðisráðherra, **Dóra Takefusa** sem flaug frá Danmörku til að vera viðstödd og sjónvarpsfólkið **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**, **Sveppi** og **Pétur Jóhann Sigfússon**.

- hdm

## Keppni við Akranes gæti orðið ljúfsár hefnd

„Okkur hafa borist þó nokkrar tilögur en það hefur ekki enn verið valið í liðið. Einhver nöfn hafa þó borið oftar á góma en önnur,“ segir Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hyggst Sjónvarpið endurvekja spurningakeppni 24 stærstu sveitarfélaganna í haust en samþærilegir þættir nutu mikilla vinsælda í lok níunda áratugar síðustu aldar á RÚV og síðar Stöð 2. Reykjanesbær reið á vaðið og auglýsti eftir tilnefningum í keppnislíðið og hyggst sveitarfélagið augljóslega koma vel undirbúið til leiks. „Við veljum tvo og sendum síðan nokkrar tilnefningar að þessum „fræga“ og „skemmtilega“ sem síðan Sjónvarpið velur,“ segir Valgerður.

Valgerður segist ekki hafa haft fregnir af því að önnur sveitarfélög séu farin að þreifa fyrir sér og segir skýringanna kannski að leita að í Reykjanesbæ búi heill her af vitringum sem gæti vel spjarað sig í svona keppni. „Annars list mér bara vel á þetta og það er alltaf gaman að taka þátt í einhverju svona sem gæti líka virkað sem jákvæð kynning á bæjarfélaginu,“ segir Valgerður. Menningarfulltrúinn sagðist ekki eiga neinn óskamótherja en viðurkennir að óneitanlega yrði forvitnilegt ef Reykjanesbær myndi mæta Akranesi í ljósi uppþota sem urðu eftir leik Keflavíkur og ÍA. „Þetta gæti orðið eldfimur og viðkvæmur bardagi en um leið opnast möguleikar á ljúfsári hefnd fyrir okkur,“ segir Valgerður í léttum dúr. - fgg



**VALGERÐUR** Mikill áhugi er á spurningakeppni Sjónvarpsins milli sveitarfélaganna. Reykjanesbær er þegar farinn að þreifa fyrir sér.

# IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Prýstjörfnun er lykilorðið

## Ein besta heilsudýna í heimi

IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.

IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.

IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.

IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.

IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.

IQ-CARE þrýstjörfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.



iq-care.com

## VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

### S-CAPE WALLHUGGER



Hjónarúm með  
okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu  
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **369.900** stgr.

Rúm sem dregst að veggnum þannig  
að þú helst við hlið náttborðsins.


- Toppurinn frá stærsta framleiðanda heims.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðlátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr nylon.
- 12 ára ábyrgð.

### Sumartilboð

Rýmum fyrir nýjum gerðum.  
Gildir á meðan birgðir endast.

**SWISSFLEX**

50 ára reynsla



### Loftrúm án rafmagns

Hjónarúm með **ViscoX** heilsudýnu  
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **169.900** stgr.

### Ný teppasett frá Canete



### PROFLEX




Hjónarúm með  
okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu  
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **219.900** stgr.

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi,  
hjá Svefn & heilsu. Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt  
rúm þá er PROFLEX lausnin.



Frí þrýstjörfnunarmæling sem greinir  
hvaða dýna hentar þér best  
Nú bæði í Reykjavík og á Akureyri

## ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ SOFA OG HVÍLAST VEL

Dalsbraut 1



Svefn & heilsa



AKUREYRI



DÍSA Í WORLD CLASS

Listhúsinu Laugardal



Svefn & heilsa



REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, rítstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeyðing: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA  
- Lífið heil

Opið 8-24  
alla daga

Lyfja Lág múla  
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

## Að muna ártöl

Ef tímatal okkar væri miðað við Miklahvell væri býsna erfitt að setja á sig ártöl úr mannkyns-sögunni. Til dæmis að muna að Kristur fæddist árið 13699999993 og Múhameð flýði frá Mekka til Medína árið 13699998615 og Ísland varð lýðveldi árið 13999998056.

**PEIR** sem trúa þeirri sköpunar-sögu að Miklihvellur hafi verið upphaf alls hafa það fyrir satt að þessi merkilegi atburður hafi átt sér stað fyrir 13,7 milljörðum árum. Sá ágæti bókstafstrúarmaður James Ussher biskup yfir Írlandi reiknaði hins vegar út að það sem við köllum Miklahvell (en hann sköpunar heimsins) hefði hafist nokkru síðar, eða sunnudaginn 23. október árið 4004 f. Kr.

**MÖRGUM** finnst erfitt að muna ártöl, jafnvel þótt sjaldan sé um meira en fjögurra stafa tölur að ræða. Flestir tengja ártöl við fólk eða atburði. Forn-Rómverjar miðuðu við konsúla sína en þeir höfðu vit á að láta fólk ekki sitja lengi í háum embættum. Árið 44 f.Kr. hét samkvæmt þeirra tímatali Árið sem Gaius Julius Caesar og Marcus Antonius voru konsúlur.

**VIÐ** miðum tímatal okkar við fæðingu Krists og segjum að núna sé árið 2007. Svo höfum við ýmsa atburði til að minna okkur á merkileg ártöl sem allir kunna svo sem 1914, 1918, 1939, 1944, 1945 og svo framvegis. Og svo hleður hver einstaklingur sér minnisvörður úr persónulegum atburðum. Árið sem ég fæddist, datt í Tjörnina, fermdist, kynntist maka mínum og þar fram eftir götunum.

**TIL** að glöggva sig á hvað tímanum líður er hægt að tengja við eitt-hvað sem er tímanna tákn. „I Wanna Hold Your Hand“ með Bítlanum kom út í nóvember 1963. Aðdáendur James Bonds muna að Sean Connery var Bond á árunum 1962-67, (+1971), George Lazenby (sem aldrei skyldi verið hafa) árið 1969, Roger Moore 1973-1985, Timothy Dalton 1987-89, Pierce Brosnan 1995-2002 og núna er veldistími Daníels Craigs sem hófst árið 2006.

**PEIR** sem yngri eru fara út í lífið með það á bakvið eyrað að Harry Potter-tímabilið mikla hófst í júlí 1997 – og lauk í júlí 2007. Og svo segir fólk að það sé erfitt að muna ártöl!

# FRÁBÆR AFTURÁBAK. ENN BETRI ÁFRAM.

Í SUMAR FYLGJA ÖLLUM IMPREZA BAKKVÖRN, HEILSÁRSDEKK OG LITADAR FILMUR Í RÚÐUR

Subaru Impreza Wagon er frægur fyrir hversu snöggur og lipur hann er í akstri. Sídrífið skilar sér í frábæru veggripi og einstaklega kraftmikil vélin tryggir að bíllinn nýtur sín hvort sem maður er einn að skutlast innanþegar eða skjótast með fjölskylduna í bústaðinn.

150.000,-

SUMARTILBOÐ: BAKKVÖRN,  
HEILSÁRSDEKK OG LITADAR FILMUR

JONSSON & LEWIS • J115 • SÍA



SYMMETRICAL AWD

Beinskíptur Subaru Impreza Wagon 2.110.000,-

Sjálfskíptur Subaru Impreza Wagon 2.240.000,-

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga. 10:00 - 18:00, þriðjuga. - föstudaga. 09:00 - 18:00, laugardaga. 12:00 - 16:00.

Umboðsmenn  
um land allt

Akureyri  
464 - 7940

Njarðvík  
421 - 8808

Gefðu  
dýrmætasta  
efni  
í heimi

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
www.help.is